



ÍHUGULL Donald Trump sést hér ganga í þungum þönkum í Hvíta húsið eftir að hafa kvatt Recep Tayyip Erdogan. Starfsbræðurnir funduðu í gær í skugga háværra kalla bandarískra þingmanna þess efnis að rannsókn fari fram á samskiptum Bandaríkjaforseta við Rússa. Nú síðast þykir afar umdeildur sá verknaður hans að deila trúnaðarupplýsingum með Rússum. Þá hefur einnig verið kallað eftir rannsókn á samskiptum hans og James Comey, fyrrverandi forstjóra FBI, en upplýst var í gær að Trump hefði beðið Comey um að hætta rannsókn á máli Michaels Flynn. – sjá síðu 8 / FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

H&M dýrari hér en í Noregi

NEYTENDUR Verðmerkingar á H&M fatnaði í Noregi benda til þess að Íslendingar muni greiða herra verð fyrir flikur en Norðmenn. Verðmerkingar sýna verð í norskum krónum og íslenskum og er samamburðurinn íslenskum neytendum í óhag. – sg / sjá síðu 2

Átakafundur hjá Framsókn

STJÓRN MÁL Búist er við átakafundi hjá Framsóknarmönnum um helgina þegar miðstjórn flokksins hittist í fyrsta sinn eftir aðalfundinn sem felldi Sigmund Davíð. – snæ / sjá síðu 4

Gagnrýnir varðhunda í VÍS

VIÐSKIPTI Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, stjórnarformaður VÍS, gagnrýnir þá hluthafa sem hafa staðið gegn breytingum í stjórn félagsins og segir þá gæta „valdahagsmuna á kostnað arðsemissjónarmiða“. sjá Markaðinn



Harpa þarf hundruð milljóna til viðbótar

Að óbreyttu mun Harpa áfram þurfa hundruð milljóna í rekstrarframlög frá ríki og borg. Hefur fengið 700 milljónir frá árinu 2013. Stjórnendur hússins hafa að undanfögnu rætt við eigendurna um framtíðina. Tap af rekstri nemur milljónar af öllum rekstrarfé hússins.

STJÓRNSÝSLA Stjórnendur Hörpu hafa að undanfögnu átt samtöl við fulltrúa eigenda hússins, ríki og Reykjavíkurborg, um áframhaldandi rekstur þess. Reksturinn hefur ekki verið sjálfbær og sem dæmi um það hafa eigendur frá árinu 2013 lagt húsinu til samtals 700 milljónir umfram áætlanir til að halda uppi rekstrinum. Það gerir um 170-190 milljónir í framlag umfram áætlanir á hverju ári. Heimildir Fréttablaðsins herma að stjórnendur Hörpu hafi þar að auki upplýst eigendur um að enn sé þörf á framlagi frá þeim fyrir árið 2017 ef ekki eigi að fara illa. Þegar ríki og borg tóku verkefnið yfir árið 2009 hafði þó verið ákveðið að leggja ekki til meiri framlög en ákveðið hafði verið í samningi um bygginguna frá árinu 2006.

Rekstrarvanda Hörpu má að hluta rekja til deilna um fasteignagjöld, en samkvæmt núverandi fasteignamati ber Hörpu að greiða 300 milljónir á ári í fasteignagjöld, sem er um fjórð-

En það er alveg ljóst og hefur legið fyrir alveg frá byrjun að reksturinn hefur ekki verið sjálfbær.

Svanhildur Konráðsdóttir, framkvæmdastjóri Hörpu



ungur af öllum rekstrarfé hússins. Stjórnendur Hörpu vinna enn að því að fá þessa upphæð lækkaða.

Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, segir að stjórnendur og starfsmenn Hörpu séu að rýna reksturinn. Það sé meðal annars háð endanlegri niðurstöðu um fasteignagjöld hver aðkoma eigenda þarf að vera til framtíðar. „Það

munar auðvitað mjög miklu hvort við erum að horfa á 315 milljónir eða 180. Það er þessi óvissa og ég get engu um það spáð hver niðurstaðan verður hjá yfirfasteignamatnefnd. En það er alveg ljóst og hefur legið fyrir alveg frá byrjun að reksturinn hefur ekki verið sjálfbær,“ segir hún. Stjórnendur hafi rætt rekstur hússins til skamms tíma og til lengri tíma við fulltrúa eigenda.

Svanhildur segir að búist hafi verið við að niðurstaðan yrði klár í apríl en yfirfasteignamatnefnd hafi fengið frest til loka júní. „Óvissan hefur því verið lengri en við höfðum búist við,“ segir Svanhildur.

Auk þeirra 700 milljóna sem ríki og Reykjavíkurborg hafa lagt húsinu til vegna rekstursins á árunum 2013-2016 hefur húsið fengið 4,9 milljarða frá eigendum frá árinu 2011 vegna fjármögnunar þess. Þrátt fyrir þetta nam taprekstur hússins frá árinu 2011 til 2015 rúmum 2,6 milljörðum króna.

jonhakon@frettabladid.is

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Verndum Seljalandsfoss, skrifar Guðrún Hálfðanardóttir. **11**

LÍFIÐ Kronik Live verður „svo sannarlega rappveisla“ að sögn Emmsjé Gauta. **26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
● AMAZING HOME SHOW

*Samkvæmt prentmiðlökunnn Gallup apríl-júní 2015

100% íslensk ræktunarmold, lífrænn massi og Hekluvikur

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti



LYFJA
– Lífið heil

Barnadagar

Tilboð til 28. maí

15-30%
afsláttur
af völdum
barnavörum

www.lyfja.is


ALLT FYRIR GÆSA/STEGGJA PARTY

Finndu okkur á



Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Stíf norðanátt, en hægur vindur á Austur- og Suðausturlandi. Rigning, einkum norðan til en úrkomulítið suðvestanlands. Hiti 2 til 12 stig, hlýjast syðst. **SJÁ SÍÐU 18**



Annar hinna ákærðu var framkvæmdastjóri Ölgerðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjársvikin í Ölgerðinni námu níu milljónum

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært mennina tvo, sem grunaðir eru um að hafa svikið fé úr Ölgerðinni fyrir tveimur árum síðan, fjársvik og skjalafals. Talið er að mennirnir hafi haft níu milljónir upp úr krafsinu.

Annar manna var á þeim tíma sem meint brot voru framkvæmdastjóri Ölgerðarinnar en hinn starfaði á auglýsingastofnunni Vert. Á sá síðarnefndi að hafa gefið út tilhæfulausa reikninga til Ölgerðarinnar sem framkvæmdastjórinn samþykkti til greiðslu.

Ávinningnum, um níu milljónum króna, skiptu mennirnir þannig að helmingur rann til auglýsingastofunnar en helmingur til framkvæmdastjórans og fjölskylu hans.

Hin meintu brot hófust í lok janúar 2014 en grunur vaknaði um þau réttu ári síðar. Þá kærði Ölgerðin mennina til lögreglu. Færslurnar voru alls 22 og voru upphæðir þeirra á bilinu frá 180 þúsund krónum upp í tæpar 680 þúsund krónur.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist að mennirnir tveir verði dæmdir til refsingar og endurgreiðslu hins illa fengna fjár. Frá milljónunum níu dragast 3,6 milljónir sem framkvæmdastjórinn fyrrverandi hefur endurgreitt nú þegar.

–jóe

Á flakki um Færeyjar



Forsetahjónin Eliza Reid og Guðni Th. Jóhannesson eru sem stendur stödd í opinberri heimsókn í Færeyjum. Í fyrradag heimsóttu þau lögmenn Færeyja, Aksel V. Johannesen, skoðuðu stríðsminjasafn og starfsemi laxeldis í Vogey. Í gær flutti forsetinn fyrirlestur um landhelgisdeilur í Fróðskaparsetrinu, háskóla Færeyja, og síðar verkstæði glerlistamannsins Trónds Pálssonar. Hann sést hér með Elizu og Guðna. MYND/FORSETASKRIFSTOFNAN

Árás í Svíþjóð skýrir fjölda vopnaðra útkalla

LÖGREGLUMÁL „Aukna tíðni vopnaðra verkefna fyrstu fjóra mánuði ársins má meðal annars skýra vegna tímabils þar sem sérsvéit var vopnuð að staðaldri,“ segir Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra. „Þar fyrir utan má líklega merkja einhverja aukningu,“ segir Jón.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að sérsvéit ríkislögreglustjóra hefði farið að meðaltali í 4,5 útköll á viku á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Tímabilið sem Jón vísar til nær yfir páskana en rétt fyrir þann tíma var gerð árás í miðborg Stokkhólms þar sem fimm manns létu lífið. Í kjölfarið virkjaði greiningardeild ríkislögreglustjóra verklag vegna hryðjuverkaárása í nágrannalöndum, sem meðal annars fólst í tímabundinni fjölgun sérsvéitarmanna á vakt. –jhh

H&M vörur dýrari í íslenskum krónum

Íslenskt verð eru farið að birtast á verðmiðum fata í H&M í Noregi. Verðið virðist vera hærra í íslenskum krónum en norskum krónum. Krónan hefur styrkst mikið síðastliðið ár. Verðið í H&M fylgir ekki gengi gjaldmiðla milli landa.

VIÐSKIPTI Í aðdraganda opunar verslana H&M á Íslandi síðar á árinu er fyrirtækið byrjað að merkja vörur sínar í bæði íslenskum og norskum krónum í Noregi. Sé verðið borið saman má sjá að vörurnar eru dýrari í íslenskum krónum, að minnsta kosti þær vörur sem bornar voru saman í gær.

Hvítir skór sem kosta 199 norsk krónur, sem eru um 2.400 íslenskar krónur, munu samkvæmt þessu kosta 3.495 krónur á Íslandi. Barnabólur sem kosta 79,90 norsk krónur, sem eru um 970 íslenskar krónur, mun kosta 1.490 krónur á Íslandi. Stuttbuxur sem merktar eru með nokkrum gjaldmiðlum kosta 17,99 pund og 199 norsk krónur sem er jafnvirði 2.400 íslenskra króna, en munu kosta 3.495 íslenskar krónur.

Á Íslandi hafa tollar verið afnumdir á fötum og skóm, en í Noregi er tollur á barnafatnaði en ekki barnaskóm samkvæmt norskum tollsiðunni.

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins hf. sem á Smáralindina, sagðist í samtali við Vísir í fyrra búast við svipuðu verði á vörum H&M hér og erlendis. Hann sagði stefnu fyrirtækisins vera að bjóða sambærilegt verð alls staðar.

Í skriflegu svari frá H&M við spurningu um verðmun kemur fram að markmið H&M sé að viðskiptavinir fái alltaf gott verð hjá fyrirtækinu. Allt verð sé fært í gjaldmiðil viðkomandi viðskiptalands en í verðinu er gert ráð fyrir utanaðkomandi aðstæðum svo sem flutningskostnaði og sköttum viðkomandi lands. Ekki er borið saman gengi gjaldmiðla milli landa þar sem



H&M opnar verslun í Smáralind í ágúst. NORDICPHOTOS/GETTY

» Stefnt er að því að þrjár H&M verslanir verði opnaðar fram til 2018, í Smáralind, Kringlunni og á Hafnar-torgi.

gengið sveiflast í tímans rás. Fyrirtækið lofar að vinna að því að bjóða íslenskum viðskiptavinum alltaf besta verðið sem mögulegt er að bjóða þeim.

Stefnt er að því að þrjár H&M verslanir verði opnaðar hér á landi á næsta árinu, í Smáralind, Kringlunni og á Hafnar-torgi.

saeunn@frettabladid.is



Trjáklippur

Mikið úrval af trjáklippum, greinaklippum og greinakurlurum.




Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is





Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugsað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA



MAZDA CX-5 AWD



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5
600 Akureyri

S. 515 7050

mazda.is

Samgönguráðherra segir gagnrýni byggða á villandi talnaleyfimi

SAMGÖNGUR „Sú gagnrýni er vægast sagt villandi,“ segir Jón Gunnarsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, spurður um þá kröfu að ríkið veiti öllum tekjum ríkisins af skattheimtu af bílum og umferð til samgöngubóta, í stað þess að fjármagna einstakar framkvæmdir með veggjöldum.

„Einhverjir aðilar sem gagnrýnt hafa það að aðeins hluti tekna ríkisins í formi skatta af bílum og umferð renni til uppbyggingar vegakerfisins, reikna samtölu yfir

öll gjöld og skatta sem lagðir eru á bifreiðaeigendur, samtals um 70 milljarða króna. Þar með eru talin vörugjöld og virðisaukaskattur af kaupum á nýjum bílum, eldsneyti og varahlutum. Upphæðin er mun hærri en samtala þeirra skatta og gjalda sem innheimt eru af akstri bifreiða og er slíkur samanburður því alls ekki sanngjarn að mínu mati,“ segir Jón.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær er að störfum starfshópur samgönguráðherra sem er að greina

Upphæðin er mun hærri en samtala þeirra skatta og gjalda sem innheimt eru af akstri bifreiða

Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitamálaráðherra,



hvernig umfangsmiklum framkvæmdum við stofnleiðir út frá höfuðborgarsvæðinu verði best háttáð. Á þessu ári sé fjárveiting til nýframkvæmda á öllu landinu um ellefu milljarðar króna. Á sama tíma er starfshópurinn að veiga og meta samgöngubætur sem eru af stærðargráðunni 100 milljarðar.

Í skriflegu svari Jóns við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að þessar samgöngubætur verði ekki kláraðar í nánustu framtíð vegna kostnaðar og vill Jón því láta kanna aðkomu

einkaaðila og veggjöld til að flýta framkvæmdum. „Í þessu sambandi má líka halda því til haga að samfélagið ber ýmsan annan kostnað af ökutækjum en útgjöld til vegamála. Umferðarslys eru til dæmis talin til mestu álagssvalda á heilbrigðiskerfið. Aukið umferðaröryggi er einmitt ein þeirra jákvæðu afleiðinga sem stórbættar samgöngur út frá höfuðborgarsvæðinu munu leiða af sér og er sannarlega samfélagslegur ábati. Um það ættum við að geta verið sammála,“ segir Jón. – shá

Bótalaust labb á glerhurð

SLYS Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hefur hafnað greiðslu konu úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem hún varð fyrir er hún gekk á glerhurð verslunar.

Konan ætlaði að ganga inn í verslun í gegnum glerhurð sem hún taldi alla jafna opna á sumartíma. Hurðin opnaðist ekki og gekk hún á hurðina og slasaði sig. Taldi hún að verslunin hefði brotið gegn reglum með því að merkja ekki greinilega að hurðin opnaðist ekki.

Váttryggingafélag verslunarinnar sagði hins vegar að umrædd hurð væri aldrei opin. Alltaf sé stafla af vörum við hana og „ætti enginn að ganga á hurðina nema meiningin sé að ganga yfir vörurnar fyrir aftan hana“.

Úrskurðarnefndin taldi að ekki hefði verið sýnt fram á að frágangur glerhurðarinnar bryti gegn reglum. Ekki var heldur talið að frágangur verslunarinnar á vörum hefði verið óforsvaranlegur. Bótaskylda var því hafnað. – jõe

Með neikvæða sýn á konur

JAFNRÉTTI Sýn ungra karla í Egyptalandi, Marokkó og Palestínu á konur er jafn neikvæð og sýn eldri karla í þessum löndum. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar á vegum UN Women og samtakanna Promundo sem byggð er á viðtölum við 10 þúsund karla og konur í Marokkó, Egyptalandi, Líbanon og Palestínu. Það er aðeins í Líbanon sem ungir karlar eru jafnréttissinnaðri en eldri karlar.

Í skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar kemur fram að annar hver karl í Marokkó og sex af hverjum tíu körlum í Egyptalandi segjast hafa áreitt konur eða stúlkur kynferðislega. – ibs

Búist við átökum hjá Framsókn

Svo gæti farið að Framsóknarmenn velji sér nýjan formann strax í haust. Rúmí sjö mánuðir eru síðan Sigurður Ingi tók við en flokksmenn eru orðnir óþreyjufullir að uppskera betur í skoðanakönnunum.

STJÓRN MÁL Búist er við hörðum og hreinskiptnum umræðum á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins á laugardag. Fundurinn er fyrsti stóri fundur Framsóknar frá flokksþingiinu síðastliðið haust þegar Sigurður Ingi Jóhannsson sigraði Sigmund Davíð Gunnlaugsson, sitjandi formann, í formannskosningu.

Í aðdraganda fundarins hafa svæðisfélög Framsóknarflokksins haldið aðalfundi þar sem staða flokksins hefur verið rædd en heimildir herma að nokkuð þungt sé í mönnum. Eftir aðalfund Framsóknarmanna á Seltjarnarnesi í síðustu viku var til að mynda send út ályktun þar sem hvatt var til þess að flýta flokksþingi svo forystan gæti endurnýjað umboð sitt. Sjö og hálfur mánuður er síðan Sigurður Ingi hafði betur gegn Sigmundi með 370 atkvæðum gegn 329.

„Ég held að það sé ljóst að það verða hreinskiptnar umræður um stöðu flokksins. Flokkurinn skiptist í tvær eða jafnvel þrjár fylkingar,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson þingmaður. Staða flokksins sé ómurleg. „Slæm útreið í kosningum, við fengum ekki stjórnarmyndunarumboðið og hækkuum ekkert í könnunum á meðan fylgi allra annarra er á hreyfingu. Menn eru ekki sáttir.“

Í stjórnarmyndunarviðræðunum sem stóðu frá kosningum í lok október og fram í janúar fengu Framsóknarmenn ekki stjórnarmyndunarumboðið þegar búíð var að reyna alla stærri flokka. Þess í stað ákvað forseti Íslands að enginn einn flokksformaður fengi umboðið. Á meðan stjórnarþreifingar fóru fram skrifaði Fréttablaðið ítrekaðar skýringar þar sem tæpt var á fjarveru Framsóknarflokksins við stjórnarmyndunarborðið. Gunnar Bragi segir það hafa reynst flokksmönnum skellur að fá ekki umboðið.



Sigurður Ingi Jóhannsson var kjörinn formaður Framsóknarflokksins með 52,7 prósent atkvæða gegn Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, sem þá var sitjandi formaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Slæm útreið í kosningum, við fengum ekki stjórnarmyndunarumboðið og hækkuum ekkert í könnunum.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins



Nýtt flokksþing Framsóknar hefði átt að fara fram næsta vor. Háværar raddir eru uppi um að flýta því til haustsins. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við töldu þó ekki líklegt að slík tillaga yrði samþykkt á miðstjórnarfundinum um helgina. Líklegri væri að hugmyndin fengi að gerjast lengur. En ef til flokksþings kæmi í haust yrði tilraun gerð til að skipta formanninum út til að skapa ró innan flokksins.

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður flokksins, segir ljóst að fólk muni skiptast á skoðunum á fundinum. „Svo fer örugglega eftir stemningu

hvort komi tillaga um að flýta flokksþingi. Það er ótímabært að segja til um það.“ Hún segir það hafa verið óheppilegt að hafa flokksþingið svo skömmu fyrir kosningar síðasta haust. „Svo fóru kosningarnar eins og þær fóru. Því er ekki að neita að árangurinn hefði mátt vera betri.

Það er alveg ljóst að menn verða að ná flokknum saman. Það er lyklatríði að árangri,“ segir Lilja

Ekki náðist í Sigurð Inga, formann Framsóknarflokksins, við vinnslu fréttarinnar.

snaeros@frettabladid.is



FRUMSÝNING

RAM 3500

Laugardaginn 20. maí
Opið frá 12 - 17

SAMSUNG

QLED TV

Ný kynslóð sjónvarpa



4K ULTRA HD
CONNECTED

ULTRA HD™
PREMIUM

ULTRA
HD

VDE
Tabelleau
ULTRA HD
ID: 40045577
Taux de contraste
10000:1

Samsung QLED is Quantum dot based TV

Framtíðarsjónvarp

Komið í Samsung Setrið og kynnist því nýjasta í sjónvarpstækni í heiminum, frá langstærsta framleiðanda heims.

Q picture

Litur

Sýnir alla liti 100%

Contrast

Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000

Sýnir nákvæmlega rétta liti

Sjónarhorn

Öll sætin eru bestu sætin

Q style

Ósýnilegar tengingar

Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil

Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun

Hvert smáatriði er þaulhugsað

Q smart

Ein fjarstýring

Afruglari, Netflix og Youtube

Allt í einni fjarstýringu

Smart view

Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content

Fjölbreytt úrval efnisveita

QLED TV

SAMSUNG

SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

Matsmenn finni orsök myglunnar í höfuðstöðvum Orkuveitunnar

FASTEIGNIR Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ætlar að fá dómkvadda matsmenn til að kanna hvað fór úrskeiðis við byggingu höfuðstöðva fyrirtækisins á Bæjarhálsi og varð þess valdandi að mygla myndaðist í húsinu.

Viðgerðir á austurvegg byggingarinnar hafa þegar kostað Orkuveituna 300 milljónir króna. Með þeim átti að „freista þess að koma í veg

fyrir þann leka sem var á þeim vegg og olli mygluskemmdum á húsinu“, segir í minnisblaði sem lagt var fyrir síðasta stjórnarfund fyrirtækisins.

Fram kemur að verið sé að hanna og undirbúa frekari viðgerðir á vesturhúsinu og að kostnaðar-áætlun liggja fyrir en verði ekki birt fyrir en viðgerðir hafa verið boðnar út og tilbod opnuð.

„Vegna fyrirhugaðra viðgerða á

300

milljónir króna hafa þegar farið í viðgerðir vegna myglu hjá Orkuveitunni.

vesturhúsi mun húsið verða tæmt og starfsmönnum „þjappað“ saman í austurhúsi sem kostur er, en leigjendur og starfsmenn Gagnaveitu Reykjavíkur flytja tímabundið í leiguhúsnaði,“ segir í minnisblaðinu.

Orkuveitan vill að matsmennirnir kanni hvort „hönnun, efnisval, framkvæmd og frágangur hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög, reglur, viðurkennda framkvæmd og

aðstæður“. Nú sé heppilegt að óska eftir dómkvæðingu matsmanna því nú sé búið að greina austurvegginn og gögn liggja fyrir sem þeir geti kannað.

Tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn OR sögðust itreka hálfis árs gamla fyrirspurn sína um hvort gerð hafi verið heildarúttekt á skemmdunum og kostnaði vegna þeirra og hver beri þann kostnað. – gar

Fékk í bakið við að lyfta líki

SLYS Starfsmaður útfararstofu fær ekki bætur úr slysatryggingu launþega þar sem bakmeiðsl, sem hann hlaut við að lyfta þungu líki yfir í kistu, taldist ekki slys. Þetta er álit úrskurðarnefndar váttryggingamála.

Maðurinn var við annan mann að lyfta þungu líki í febrúar í fyrra. Við það brast bak mannsins með háu brothljóði.

Í skilmálum tryggingarinnar segir að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem gerist án vilja váttryggs. Nefndin taldi að maðurinn hefði sjálfviljugur lyft líkinu og tjónið sé því ekki vegna utanaðkomandi atburðar. Því fær maðurinn ekki bætur. – jõe

» Úrskurðir nefndarinnar hafa ekki enn verið birtir en verða birtir á heimasíðu hennar á næstu dögum.

Slasaðist við að draga mann úr brennandi bíl

SLYS Bjargvættur á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar eftir að hafa slasast við að draga öikumanninn úr bifreiðinni. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar váttryggingamála.

Málsatvik voru þau að eftir árekstur tveggja bifreiða á hringveginum kviknaði í annarri bifreiðinni. Ökumaður sem kom að slysinu brást við og dró öikumann úr brennandi bifreiðinni. Við þá björgun kippti ökumaður brennandi bifreiðarinnar í hönd hans með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hægri öxl.

Í álit nefndarinnar kemur fram að tjón mannsins sé að rekja til þessa kipps öikumannsins en ekki notkunar, bilunar eða galla í bifreiðinni. Af þeim sökum er ekki ástæða til þess að tjón hans sé bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. – jõe

800 þúsund á tímann að fljúga með gæslunni

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar fékk fimm útköll á mánudag. Útköllum hefur fjölgað um 62 prósent á fimm árum og voru 252 í fyrra. Áætlaður flugkostnaður af tveimur útköllum á mánudag nam um tveimur milljónum króna.

SAMFÉLAG Á undanförunum árum hefur heildarfjöldi útkalla hjá flugdeild Landhelgisgæslunnar vaxið verulega. Árið 2011 voru útköllin 155 en í fyrra voru þau 251. Fjölgunin er um 62 prósent, samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni. Þrátt fyrir þessa fjölgun hefur flugtíma á ársgrundvelli ekki fjölgað að sama skapi. Af því leiðir að kostnaðurinn hefur heldur ekki aukist í beinu hlutfalli við fjölgun útkalla.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar fékk fjögur útköll á milli klukkan fimm og sjö á mánudagskvöld. Annað barst svo um nóttina. Á meðal þess sem þurfti að gera var að kalla eftir þyrilu til að sækja mann á Suðurlandi. Fjórir erlendir ferðamenn voru einnig fluttir með þyrilu Landhelgisgæslunnar á Sjúkrahúsið á Akureyri eftir umferðarslys við bæinn Hólábak í Húnavatnssýslu.

Landhelgisgæslan heldur ekki sérstaklega utan um kostnaðinn sem hlýst af útköllum vegna ferðamanna eða annarra. Gæslan hefur þó áætlað að hver flugtími útleiggist á um 750 til 800 þúsund krónur.

Útkallið á Suðurlandi í gær, frá því að þyrilan TF-SYN fór í loftið frá Reykjavíkurlflugvelli þar til hún lenti þar aftur, tók um það bil einn og hálfan klukkutíma. Tímalengd útkallsins í Húnavatnssýslu er aðeins erfiðara að meta vegna þess að TF-LIF var í öðru útkalli á Vestfjörðum þegar beiðni um aðstoð barst og fór svo beint frá Sjúkrahúsinu á Akureyri austur á Langanes að sækja mann sem slasaðist þar. Ef miðað er við tímann frá því



Frá slyssaðri í Húnavatnssýslu í fyrradag en það var eitt af fjórum útköllum gæslunnar þann daginn. MYND/HÖSKULDUR BIRKIR

» Árið 2011 voru útköll hjá flugdeild Landhelgisgæslunnar 155 en í fyrra voru þau 251 og því er um 62 prósent aukningu að ræða.

750

til 800 þúsund krónur er áætlaður kostnaður við hvern flugtíma Landhelgisgæslunnar.

áð þyrilan var beiðni um að fara á slyssaðinn í Vatnsdal þar til hún lenti við Sjúkrahúsið á Akureyri tók það útkall um klukkustund. Því má reikna með að þessi tvö útköll hlaupi á 1,9 til 2 milljónum króna.

Fram kemur í svari frá Landhelgisgæslunni að hún kappkosti einfaldlega við að bregðast við þegar aðstoðar er þörf, svo fremi sem tæki og mannskapur séu til taks. Fjölgun útkalla hafi hins vegar haft þær afleiðingar að minni tími gefist til þjálfunar og æfinga áhafna og löggæsla og eftirlit á grunnslóð hafi dregist saman. Fjölgun útkalla undanfarin ár hefur með öðrum orðum verið á kostnað þessara þátta.

saeunn@frettabladid.is

Vilja aðra út úr Neyðarlínunni

VÍÐSKIPTI Stjórn Neyðarlínunnar ohf. hefur óskað eftir því að kaupa um 7,9 prósent hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Neyðarlínunni.

Markmiðið sé að eignarhaldið sé alfarið hjá opinberum stjórnvöldum; ríkinu og Reykjavíkurborg. „Með hliðsjón af þeim ríku öryggishagsmunum sem tengdir eru þjónustu og rekstri fjarskiptakerfa Neyðarlínunnar þykir æskilegt að eignarhald félagsins sé með fyrrgreindum hætti,“ segir í erindi Neyðarlínunnar. – gar



Gerð lystigarðsins Skrudó hófst 1909. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Selt verður inn í Skrudó

FERÐAÞJÓNUSTA Hefja á tóku aðgangseyris í lystigarðinn Skrudó í Dýrafirði í sumar. Framkvæmdasjóður garðsins segir þetta nauðsynlegt vegna þess að ekkert framlag hafi fengist frá ríkinu til Skrudó á síðustu tveimur árum.

„Það er því nauðsynlegt að tryggja lágmarks þjónustu og uppbyggingu við Skrudó og ekki neitt í augnsýn sem gæti tryggt rekstur hans, annað en gjaldtaka við garðinn,“ segir í bréfi þar sem óskað var heimildar Ísafjardarbæjar fyrir því að innheimta aðgangseyri að Skrudó. Rétt er um að upphæðin verði 300 krónur og að gjaldtakan hefjist 17. júní. „Til að bregðast við síaukinni umferð ferðamanna um Skrudó er einnig nauðsynlegt að koma upp bráðabirgðasalernisaðstöðu.“ – gar



Vandaðir garðtraktorar



Cub Cadet sláttutraktorarnir eru afar vandaðir og vel útbúnir sláttutraktorar sem mæta þörfum og kröfum vandlátra garðeiganda og annarra sláttumanna.

Cub Cadet sláttutraktorarnir eru öflugir og afkastamiklir og auðveldir í notkun.

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

PÓR H F

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

Milwaukee

Nothing but **HEAVY DUTY**™

VERKFÆRA SALAN

20 ára

Síðan 1997

Frábær
tilboð á

Milwaukee



Milwaukee hátíð í Dalshrauni 13, Hafnarfirði í dag
Sérfræðingar frá **Milwaukee** veita ráðgjöf.
Komdu og prófaðu nýjustu tækin,
heitt á grillinu.



Milwaukee

27.900.-

Borvél M12 BPD-202C
Borvél m/höggi, átak 32Nm,
2x2,0Ah rafhlöður og
hleðslutæki.



Milwaukee

39.900.-

Borvél M18BPD-202C
Borvél m/höggi, átak 60Nm,
2x2,0Ah rafhlöður og
hleðslutæki.



Milwaukee

10.900.-

Slípirokkur AG 800 EK
Sterkur slípirokkur frá
Milwaukee, 800W.
Tekur 125mm skífur



Milwaukee

37.900.-

Ryksuga AS 2-250 L
Prífur blautt og þurrt, 25L tankur.
Mótor 1250W, sogkraftur
210 mbar, 3600L/mín, 70 dB(A).



69.900.-

Sett M18SET2T-502W
Kolalaus borvél 60Nm og
fjölnotavél ásamt blöðum,
2x5,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.



109.900.-

Sett M18ONEPP2E-503X
Borvél ONE-KEY 135Nm og
slípirokkur 125mm.
3x5.0Ah rafhlöður og hleðslutæki.



189.900.-

VERKFÆRASET T FPP6C-503B
Borvél 135Nm, slípirokkur 125mm,
hersluykill 300Nm, hjólsög 165mm,
sverðsög og LED ljós.
3x5.0Ah rafhlöður og hleðslutæki.

Vilja upplýsa fjárfestingu í hverfum

REYKJAVÍK Borgarstjórn samþykkti í gær að vísa tillögu um að upplýsingar um fjármál einstakra hverfa verði gerðar aðgengilegar á vef borgarinnar inn í fjárhagsáætlunargerð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs fyrir árið 2018.

„Við getum því vonandi átt von á því að geta farið að sjá fjármál hverfanna með aðgengilegri hætti á næsta ári,“ segir Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem lagði fram tillöguna.

„Ég legg þetta til vegna þess að borið hefur á því að borgarbúum finnst að ójafnt sé skipt hvað varðar fjárfestingar í ólíkum hverfum borgarinnar. Nú þegar við höfum tækin og tólin til að draga slíkar upp-

● ● **Ég legg þetta til vegna þess að borið hefur á því að borgarbúum finnst að ójafnt sé skipt hvað varðar fjárfestingar í ólíkum hverfum borgarinnar.**

Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



lýsingar fram þá væri upplýsandi að gera það,“ segir hún. Þannig verði skilgreint hvaða kostnaður verði til vegna þjónustu og framkvæmda í þágu íbúa ólíkra hverfa.

„Það er einnig liður í því að almennur geti séð í hvað útgjöldin fara og hvernig þau dreifast. Í leiðinni má skilgreina hvaða þjónusta flokkast sem nærþjónusta við íbúa hverfisins. Það er áhugavert því að oft hefur maður heyrt að of mikið sé gert í miðborginni á kostnað hinna hverfanna en íbúum í miðborginni finnst lítið gert hvað varðar þjónustu við þá. Því ekki að nota tæknina til að gera sýn okkar á fjármálin einfaldari?“ segir hún. –sg

Ársfundur 2017

Dagskrá

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Breytingar á samþykktum – kynning.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 30. maí 2017 kl. 16:30, að Hilton Reykjavík Nordica Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 25. 04. 2017

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Hávær köll um opinbera rannsókn

Ákvörðun Donalds Trump að deila trúnaðarupplýsingum með Rússum þykir afar umdeild. Forsetinn segist í fullum rétti. Óttast er að ákvörðunin geti haft áhrif á upplýsingastreymi til Bandaríkjanna.

BANDARÍKIN Bandarískir þingmenn pressa mjög á Donald Trump, forseta landsins, að útskýra hvers vegna hann deildi trúnaðarupplýsingum með sendiherra og utanríkisráðherra Rússlands á fundi í Hvíta húsinu í liðinni viku.

Sagt var frá því í fyrradag að forsetinn hefði rætt hluti á fundinum sem bundnir hefðu verið trúnaði. Það er fátt lagalega sem aftrar forsetanum frá því að segja það sem honum sýnist. Í þessu tilfelli hafði hins vegar sérstaklega verið farið fram á það að upplýsingunum yrði ekki deilt. Hins vegar er óttast að trúnaðarrofið gæti haft þau áhrif að bandamenn Bandaríkjanna veigri sér við að deila upplýsingum með þeim.

Þegar fréttirnar komu fram hafnaði H.R. McMaster, þjóðaröryggisráðgjafi Trumps, því að forsetinn hefði gert nokkuð slíkt. Síðar meir dró hann í land en hélt því þó til streitu að samskipti forsetans hefðu verið „fullkomlega við hæfi“.

Upplýsingarnar vörðuðu málefni tengd Íslamska ríkinu og flugöryggi. Heimildir bandarískra blaða herma að heimildarmaðurinn sé ísraelskur. Stjórnvöld í Ísrael vilja ekki tjá sig.

„Sem forseti vildi ég deila þessum upplýsingum með Rússum og ég hef fullkominn rétt til þess,“ tisti Donald Trump eftir að fréttaplutningur af málinu hófst. Sagði hann að mannúðarástæður byggju þar að baki og að hann vildi að Rússar tækju sig á í baráttunni gegn ISIS og hryðjuverkum.

Þingmenn, bæði úr röðum Demókrata og Repúblíkana, þó aðallega úr fyrrnefnda flokknum, hafa kallað

● ● **Sem forseti vildi ég deila þessum upplýsingum með Rússum og ég hef fullkominn rétt til þess.**

Donald Trump, forseti BNA



eftir því að afrit af því sem fór fram á fundinum verði gerð opinber. Þá hafa einhverjir kallað eftir opinberri rannsókn á málinu.

Þá var upplýst um það í gær að Trump hefði beðið James Comey, hinn nýreka forstjóra FBI, um að hætta rannsókn á máli Michaels Flynn, fyrrverandi ráðgjafa Trumps í þjóðaröryggismálum. Þetta kom fram í minnisblaði Comey eftir fund hans með Trump í febrúar.

Á meðan á öllu þessu stóð tók Donald Trump á móti Recep Tayyip Erdogan, forseta Tyrklands, í Hvíta húsinu. Helsta umræðuefnið á fundinum var nýlega vopnasending Bandaríkjanna til YPG, hersveita Kúrda í Sýrlandi. Þá ítrekaði Erdogan bön sína um að Bandaríkin fram-seldu klerkinn Fethullah Gulen til Tyrklands. Forsetinn grunar klerkinn um að hafa staðið á bak við valdaránstílaunina í Tyrklandi í fyrrasumar.

„Við styðjum Tyrki í baráttunni gegn ISIS og PKK og ábyrgjumst að þau samtök eigi hvergi skjól,“ sagði Trump. johannoli@frettabladid.is



ALVÖRU ATVINNUBÍLL

Dacia Dokker

VERÐ: **2.340.000 Kr.**

VERÐ ÁN VSK: **1.887.096 Kr.**

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5l, 90 hestafla díslivél sem notar einungis 4,5l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalan Bílas
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilas.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



BÓKAÐU SÓL Á SPOTTPRÍS

Sólarferðir frá kr.
48.795
m/afslætti*

Allt að
35.000 kr.
afsláttur á mann

Allt að
140.000 kr.
afsláttur fyrir fjögurra
manna fjölskyldu

MAÍ
JÚNÍ &

Síðustu
sætin

**BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

*Öll verð eru með afslætti.

BIBIONE

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Green Village Resort 

Frá kr. 90.545 m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá kr. 90.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 111.695 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 30. maí í 7 nætur.

KRÓATÍA

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Sol Katoro Apartments 

Frá kr. 61.190 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 61.190 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 82.185 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 6. júní í 7 nætur.

PORTOROZ

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Remisens Hotel Bel Moreto 

Frá kr. 108.895 m/morgunv. innif.

Netverð á mann frá kr. 108.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 13. júní í 7 nætur.

BENIDORM




Hotel Melia Benidorm 

Frá kr. 73.365 m/hálft fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 73.365 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 83.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 30. maí í 7 nætur.

ALTEA



Hotel Cap Negret 

Frá kr. 63.595 m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá kr. 63.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 77.095 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 30. maí í 7 nætur.

COSTA DE ALMERÍA



Estrella de Mar Apartments 

Frá kr. 52.095 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 52.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 67.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 23. júní í 7 nætur.

COSTA DEL SOL



Aguamarina Suites 

Frá kr. 56.145 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 56.145 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 72.295 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 28. maí í 7 nætur.

KRÍT



Stökktu 

Frá kr. 69.995 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu. 25. maí í 11 nætur.

ALBIR



Hotel Sun Palace Albir 

Frá kr. 57.795 m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá kr. 57.795 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 70.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 30. maí í 7 nætur.

MALLORCA



Hotel Sorrento / Portofino 

Frá kr. 60.895 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 60.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 83.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 8. júní í 11 nætur.

SALOU



Hotel Villa Romana 

Frá kr. 71.085 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 71.085 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 87.085 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 20. júní í 9 nætur.

TENERIFE



Arena Suites Apartments 

Frá kr. 48.795 m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 48.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 60.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 3. júní í 7 nætur.

Verndum Seljalandsfoss



Guðrún Ingibjörg Hálfánardóttir jógakennari, kennari og leiðsögumaður

Deiliskipulagsmál við Seljalandsfoss hafa undanfarið vakið athygli í fréttum og mikil viðbrögð hjá almenningi sem sýna að mörgum er annt um staðinn.

Svæðið frá fossinum Gljúfrabúa að Seljalandsfossi hefur verið verndað allt frá um 1970 og í hugum margra er sú ósnortna ásýnd táknræn fyrir staðinn og hluti af honum. Hamrabeltið við fossinn myndar fagra landslagsheild allt til Gljúfrabúa og hægt er að standa í töfraveröld undir fallandi vatnskrafti fossins.

Mikill fjöldi ferðamanna sækir staðinn heim og ljóst að bæta þarf þjónustu við þá. Að frumkvæði sveitarstjórnar var svæðið deiliskipulagt og verkið hafði með þau heit að það yrði gert í samvinnu við landeigendur. Þau orð hafa því miður ekki gengið eftir.

Nú hefur verið samþykkt deiliskipulagstillaga í sveitarstjórn sem innifelur að 2.000 fermetra og allt að 8 metra hátt mannvirki rísi á melunum sunnan húss Rangæingafélagsins. Það mun blasa við þegar ekið er austur og á hluta í sjónlinu við Seljalandsfoss.

Ekki er útskýrt hvaða starfsemi á að vera í þessari 2.000 fermetra þjónustumiðstöð. Nefna má að stærð gestastofu á Hakinu á Þingvöllum er 200 fermetrar en verður stækkuð í 1.000 fermetra. Þar er um þjóðgarð að ræða en hvaða rök liggja fyrir því að við Seljalandsfoss rísi 2.000 fermetra þjónustumiðstöð?

Útbúa þarf bílastæði og salernisadstöðu sem eru til sóma. En þarf að reisa risastóra þjónustumiðstöð á þessu viðkvæma svæði? Á Hvolsvelli er ein slík í 20 mínútna akstursfjarlægð. Þarf aðra við Seljalandsfoss sem mun spilla ósnortinni ásýnd á viðkvæmu svæði? Það gera sér allir ljóst að stór bygging kallar á fleira fólk sem dvelur lengur og leggur meira álag á svæðið. Þóli svæðið við Seljalandsfoss þann fjölda? Hafa einhverjar rannsóknir verið gerðar á því? Hefur þarfagreining verið gerð? Hvaða rök liggja að baki? Eru það rök markaðshyggju eða umhverfshyggju? Á að reisa þarna risamat-sölustað og túristaverslanir?

Tillögunni sópað til hliðar

Tillaga sem landeigendur við Seljalandsfoss lögðu til miðast við að byggja við svokallað Brekkuhorn sem liggur sunnan við fossinn og utan svæðis milli Hamragarða og Seljalandsfoss. Þar er mun hægara að fella byggingu að landslagi en tillögunni var sópað til hliðar með þeim rökum að hún ýti ekki undir heildarmynd staðarins. Það hljómar undarlega að heildarmynd staðar sem einkennist af ósnortnu landi eflist með risamannvirki í miðju þess!

Ummæli Náttúrufræðistofnunar um þessa tillögu voru að henni mætti gefa meiri gaum. Eigendur Ytra-Seljalands sendu beiðni til sveitarstjórnar um að endurskoða niðurstöðu deiliskipulags vegna þess að staða sveitarfélagsins væri sú að þeir væru bæði eigendur hluta landsvæðisins og framkvæmdaaðili um deiliskipulag. Farið var fram á að fenginn yrði hlutlaus aðili sem tæki afstöðu til tillagnanna. Beiðninni var vísað frá.

Sé reynt að gera sér í hugarlund hvernig umhorfs verður ef fyrirhuguð mannvirki rísa er ljóst að þegar horft verður frá nýjum Þórsmurkuregi mun mikið mannvirki bera í svæðið milli Hamragarða og

Seljalandsfoss og á kafla skyggja á fossinn. Auk 2.000 fermetra byggingar á 1-2 hæðum verða bílastæði með hópferðabifreiðum og fólksbifreiðum. Ósnortna myndin sem nú er yfir svæðinu mun heyra fortíðinni til. Að auki mun mikil umferð fólksbíla og fólksflutningabíla til og frá hringvegi hafa mikil áhrif á upplifun fólks – sem verða mun minni verði byggt samkvæmt tillögunni við Brekkuhornið.

Fjöldamargar ljósmyndir hafa

verið teknar af Seljalandsfossi sem birtast víða og eitt vinsælt sjónarhorn er tekið að baki fossins. Verði þetta mannvirki byggt samkvæmt tillögu sveitarstjórnar mun það bákna blasa við sjónum manna sèð handan fossins.

Aðrar þjóðir hafa lært af mistökum

Það hefur verið tilhneiging í uppbyggingu ferðamannastaða að setja mannvirki nærri náttúruperlum.

Aðrar þjóðir hafa lært af mistökum og staðsetja frekar bílastæði og önnur mannvirki í fjarlægð þannig að fólk upplifir náttúruperluna með að ganga að henni. Við Íslendingar ættum að geta tileinkað okkur þekkingu annarra án þess að gera mistök sín sjálf.

Umhverfi Seljalandsfoss er fagurt en mjög viðkvæmt, dýrmætur staður sem hægt er að eyðileggja og nú er verið að taka óafturkræfa ákvörðun fyrir komandi kynslóðir.

Við blasir að að sú tillaga sem sveitarstjórn hefur samþykkt er vanhugsuð, gróðasjónarmið ráða og náttúrunni er fórnauð. Engri annarri þjóð dytti í hug á okkar tímum að byggja svona ofan í náttúruperlu – slíkt á að heyra sögunni til, líka á Íslandi.

Það sem ráði vali verði sönn náttúruvernd en ekki það að sveitarfélagið hyggst byggja í eigin landi – hvað sem það kostar náttúruna og þrátt fyrir vilja fólks til að vernda svæðið.



Opinn fundur 19. maí

Athafnaborgin Reykjavík

- uppbygging atvinnuhúsnæðis og innviða



Ferðapjónusta



Verslun



Hátækni



Skapandi greinar



Samgöngur

Opinn fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur
föstudaginn 19. maí, kl. 9 - 12

Dagskrá:

- **Dagur B. Eggertsson borgarstjóri:** Athafnaborgin - uppbygging atvinnuhúsnæðis og innviða
- **Magnea Þórey Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri Icelandair hotels:** Uppbygging á hótélum í góðri sátt við nærumhverfið
- **Helgi Gunnarsson forstjóri Regins:** Uppbygging á nýju verslunarhúsnæði í miðborginni – hugmyndafræði og samráð við hagsmunaaðila
- **Stefanía G. Halldórsdóttir framkvæmdastjóri CCP á Íslandi:** Gróska – nýjar höfuðstöðvar CCP
- **Páll Hjaltason, arkitekt hjá PlusArk:** Kvikmyndaþorp í Gufunesi
- **Ólöf Kristjánsdóttir hjá Mannvit:** Borgarlína og tækifæri í þéttingarreitum
- **Hildur Gunnlaugsdóttir, arkitekt hjá Faxaflóahöfnum:** Uppbygging í höfnum Reykjavíkur
- **Berta Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri Sjávarklasans:** Haftengd nýsköpun og atvinnuþróun í Reykjavík
- **Halldóra K. Vífilisdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins:** Stjórnsýsluborgin – fyrirhuguð uppbygging hins opinbera í Reykjavík

Fundurinn er öllum opin. Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.30

reykjavik.is/athafnaborgin



Ferðabjónustan á að borga skatta og gjöld í samræmi við aðrar útflutningsgreinar



Jón Þór Gunnarsson
framkvæmdastjóri Arctic Adventures

Það er ekki síst ferðabjónustunni að þakka að við Íslendingar höfum náð að rétta eins vel úr kútnum og raun ber vitni. Við getum öll verið sammála um að vöxtur í ferðabjónustu hefur verið mikill, jafnvel á köflum of mikill. Það hlýtur að vera edlileg krafa til okkar allra, opinberra aðila sem og forsvarsmanna fyrirtækja í greininni að við tökum höndum saman um að stýra vextinum. Sú stýring þarf þó að vera gerð þannig að ferðabjónustunni sem atvinnugrein sé ekki teft í hættu.

Á við fjórfalt auðlindagjald í sjávarútvegi

Í samningum hins opinbera við sjávarútvegsfyrirtæki, varðandi kvótasetningu og auðlindagjald, var lögð áhersla á að fyrirtækin yrðu að fá að starfa í stöðugu umhverfi og geta skilað ásættanlegri afkomu. Áætlað var að gjaldið myndi skila á milli 20 og 25 milljörðum til ríkisins. Með tengingu við afkomu fyrirtækjanna er niður-

staðan sú að sjávarútvegsfyrirtæki greiða nú um fimm milljarða í auðlindagjald.

Þegar ákveðið var að leggja viðbótarlögur á ferðabjónustuna, með hækkun virðisaukaskatts, lagði ríkið takmarkaða vinnu í að skoða hugsanleg áhrif á afkomu greinarinnar og ekkert samráð var haft við hagsmunasamtök greinarinnar. Afkoma í ferðabjónustu hefur hrundið á síðasta ári vegna styrkingar krónunnar og því er einkennilegt að ofan á lakari afkomu komi nú ný skattheimta upp á allt að fjórfalt auðlindagjald á við sjávarútveginn.

Eina útflutningsgreinin sem borgar virðisaukaskatt

Ferðabjónustufyrirtæki í afþreyingu og hótél borga nú þegar 11% virðisaukaskatt. Hvorki sjávarútvegur né orkufrekar iðnaður greiða virðisaukaskatt en fá milljarða endurgreidda í innskatti. Í orkufrekum iðnaði hafa ríkið og sveitarfélög gefið ívilnanir til að laða að fyrirtæki, og er nýlegt dæmi á Reykjanesi þar sem talað er um hundruð milljóna í formi styrkja og ívilnana til kísilverksmiðju. Ferðabjónustan er ekki rekin á ívilnunum né styrkjum. Vissulega þarf að byggja upp innviði í landinu, þar með talið vegi, en sú uppbygging er ekki síður fyrir okkur íbúana og aðrar atvinnugreinar sem treysta á vegakerfið.

Miklar tekjur af launatengdum gjöldum

Launakostnaður í ferðabjónustu er hár. Til dæmis má nefna að í afþreyingarhlutanum er algengt að launakostnaður sé um 40% af veltu. Þetta leiðir til þess að ferðabjónustan greiðir hærri skatta en flestar atvinnugreinar í formi launatengdra gjalda til ríkis og sveitarfélaga. Í nýlegum tölum frá SAF kemur fram að heildarskatttekjur af greininni séu um 80 milljarðar. Fjárfesting hins opinbera hefur verið mjög takmörkuð og ekki hafa ráðuneyti, né opinberar stofnanir sem þjóna greininni, verið ríkinu kostnaðarsamar því þar vinna einungis örfáir einstaklingar. Viðbótar skattlagning í formi virðisaukaskatts upp á 16 til 20 milljarða setur skatttekjurnar af greininni í nálægt 100 milljarða á ári.

Ætlun mín hér er ekki að tala niður sjávarútveg eða orkufrekan iðnað, né mæla með því að álögur á þá séu hækkaðar. Ætlun mín er hins vegar að sýna fram á að upphrópanir um að ferðabjónusta greiði ekki sína skatta til samræmis við hinar útflutningsgreinarnar séu á engum rökum reistar.

Ferðabjónustan nýtur ekki afsláttar af virðisaukaskatti

Ferðabjónustan, rétt eins og sjávarútvegur, er í samkeppni við erlenda markaði og stórfyrirtæki sem sækja til Íslands. Til þess að standast þá samkeppni þarf rekstrarumhverfi




á Íslandi að vera samkeppnishæft og skattheimta ekki hærri en í samkeppnislöndunum. Vinsælar pakkaferðir til Íslands eru orðnar tugum prósentu dýrari en samþærilegar ferðir til Noregs, Kanada og Skotlands. Þar spilar sterk króna stóran þátt og hækkar verð til erlendra aðila úr hófi og ljóst má vera að ekkert rými er fyrir frekari hækkanir.

Ferðamenn eru farnir að stytta ferðir sínar til Íslands og sækja í ódýrari afþreyingu til að lækka ferðakostnað. Erlend fyrirtæki eru að segja upp samningum við innlenda aðila og vilja frekar sjá um ferðir sjálf á Íslandi. Þessi fyrirtæki flytja með sér bíla og leiðsögumenn til landsins og borga engin gjöld á Íslandi. Afleiðingin af frekari skatta- og verðhækkunum getur því hæglega orðið minni tekjur fyrir ríkið.

Ferðabjónustan þarf lengri tíma til að festast í sessi

Ferðabjónustan er að verða önnur stöð undir atvinnulíf og efnahag á Íslandi, en hún á nokkuð í land með að festa sig í sessi. Það getur ekki verið markmið stjórnvaldanna að taka stór skref sem gætu eyðilagt þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað. Að taka smærri og yfirvegaðri skref hugnast mér betur og að aðilar tali saman og hjálpið að við aðlögun þessarar mikilvægu atvinnugrein þannig að hún þjóni okkur öllum sem best um ókomna tíð.



Það er hlýtt á toppnum.

Við frumsýnum Marco Polo í sýningarsal atvinnubíla, Fosshálsi 1, á laugardag, kl. 12–16.

Marco Polo er einstakur bíll sem sameinar kosti hins fullkomna fjölskyldu- og ferðabíls. Þægilegt gistiþlássið á toppnum gerir Marco Polo að frábærum ferðafélaga, hvert sem leið þín liggur.

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.



Fiskeldi á öruggri framfarabraut



Einar K. Guðfinnsson
formaður Landsambands fiskeldisstöðva

Soffía Karen Magnúsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis hjá Matvælastofnun, skrifar greinargóða, hófstilla og upplýsandi grein um fiskeldismál í Fréttablaðið 9. maí sl. og hvetur til málefna-legrar umræðu. Ekki varð henni að þeirri ósk sinni. Orri Vigfússon, formaður NASEF, og svarinn andstæðingur laxeldis bregst við með grein í sama blaði og er á kunnuglegum slóðum. Í grein Orra eru margar sólar á lofti í senn eins og oft er háttur þeirra sem finna fiskeldi flest til foráttu.

Gagnstætt því sem Orri lætur liggja að fer eldisframleiðsla á laxi í heiminum að langmestu leyti fram í sjókvíum; rétt eins og nú er gert (í afar litlum mæli þó) hér við land og notaður til þess búnaður eins og best þekktist annars staðar. Miklar framfarir hafa orðið varðandi allan búnað og tækni á undanföllum árum. Fiskeldisfyrirtækin hafa lagt fram geysiháar upphæðir til þess að þróa stöðugt betri tækni og lausnir af ýmsu tagi, sem til að mynda eru að lita dagsins ljós á þessu ári.

Stjórnvöld við N-Atlantshaf stefna að auknu fiskeldi

Orri fullyrðir að norska fyrirtækið Marine Harvest, stærsta fiskeldisfyrirtæki í heimi, „hafi snúið baki við eldi í opnum sjókvíum“. Þetta er heldur betur villandi málflutningur, svo ekki sé nú dýpra í árinna tekið. Fyrirtækið stundar sitt laxeldi með sambærilegum hætti og önnur. En rétt eins og margir aðrir í þessari grein vinnur fyrirtækið hörðum höndum að þróun æ betri og öruggari búnaðar. Þekktast í því sambandi er hið svokallaða „egg“; lokað egglaða fiskeldiskerfi. Það er þó enn á þróunarstigi. Fullyrða má að eindregin viðleitni Marine Harvest og annarra muni valda straumhvörfum og auðvelda stjórnvöldum við Norður-Atlantshafið að ná þeim yfirlýstu markmiðum sínum að stórauðka fiskeldisframleiðslu á næstu árum og áratugum.



Fiskeldisfyrirtækin hafa lagt fram geysiháar upphæðir til þess að þróa stöðugt betri tækni og lausnir af ýmsu tagi, sem til að mynda eru að lita dagsins ljós á þessu ári.

Eins og ég benti á í nýlegri Fréttablaðsgrein er engin ástæða til að ætla annað en að mikil þróun verði á þessu sviði á næstu árum. Þar eigum við Íslendingar ekki að vera hljóðir áhorfendur heldur virkir þátttakendur. Forsenda þess er auðvitað sú að hér sé þá til staðar fiskeldi svo að tryggð sé að þær lausnir sem bestar verða henti okkur og aðstæðum okkar.

„Kuldinn er því náttúruleg vörn gegn lúsinni“

Þá segir Orri í grein sinni Soffíu „afneita hættunni af laxalús við Íslandstrendur“. Þetta er einfaldlega röng fullyrðing og stenst engan veginn þegar hin ágæta grein hennar er lesin. Þvert á móti reifar Soffía einfaldlega stöðu þessara mála og gerir það á hófstiltan hátt og með

gildum rökum. Þar er hún á sömu slóðum og vísindamenn okkar. Skemmst er að minnast fróðlegs viðtals Morgunblaðsins (5. maí sl.) við Agnar Steinarrson, sérfræðing hjá Hafrannsóknastofnun, sem segir: „Það er lús í hafinu og þar hefur alltaf verið lús, það er bara eðlilegur hluti af flórinni. Lúsir er ekki orðin vandamál hér við land en ég veit til þess að menn í sjókvíeldi fyrir vestan ætla að taka hrogn-

kelsaseiði í haust. Þeir vilja hafa vaðið fyrir neðan sig og hyggjast prófa sig áfram til að læra á þetta. Efsjórinn heldur áfram að hlýna og vetur mildir samhliða auknu laxeldi þá eiga sumir von á því að lúsir geti náð sér á strík hérna. Þegar hitastig er komið niður í 2-3 gráður vex lúsir hins vegar ekki og fjölgar sér ekki og kuldinn er því náttúruleg vörn gegn lúsinni.“

„Riflega 90 prósent staðsetninga með gott eða mjög gott ástand“

Það kom mér á óvart að sjá fullyrðingu Orra um mengun frá laxeldisstöðvum. Margt mætti um það mál segja. Hér skal þó látið nægja – að sinni a.m.k. – að vísa í ný gögn norsku Fiskistofunnar, en þar segir: „Árleg umhverfsvöktun Fiskistofu Noregs undir og umhverfis eldiskvíar árið 2016 staðfestir góða þróun fyrri ára. Riflega 90 prósent

staðsetninga er með gott eða mjög gott ástand bæði undir og umhverfis eldiskvíarnar.“

Það er ástæða til þess að taka að lokum undir ákall Soffíu Karenar Magnúsdóttur um mikilvægi þess „að byggja upp málefnalega umræðu um fiskeldi þar sem ólík sjónarmið komi fram“. Því ákalli eigum við að svara; ekki síst við Orri Vigfússon, þó báðir höfum við stríðar skoðanir í þessu máli.



Veglegur kaupauki með nýjum kæli- og frystiskápum.

Öllum nýjum Bosch og Siemens kæli- og frystiskápum fylgir gjafabréf í Kjötkompaní að verðmæti 30.000 kr.

Komdu og gríptu tækifærið.

Við tökum vel á móti þér.



Gildistími er frá 17. maí til 22. maí.

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.



Í öllum Siemens og Bosch kælistkápum er skúffu sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta.

Í sumum skápnum er svokölluð kjötskúffu þar sem finna má kaldasta svæðið í skápnum. Hentar fyrir ferskt kjöt, ferskan fisk, drykki og eldaða rétti.



SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Nýjast**Olís-deild karla - lokaúrslit****FH - Valur 24-29**

Markahæstir: Ásbjörn Friðriksson 5/4, Einar Rafn Eirsson 5, Arnar Freyr Ársælsson 4, Óðinn Þór Rikharðsson 3, Gísli Þorgeir Kristjánsson 3 - Anton Rúnarsson 6, Sveinn Aron Sveinsson 5, Heiðar Þór Aðalsteinnsson 3/2, Orri Freyr Gíslason 3, Ólafur Ægir Ólafsson 3, Alexander Örn Júlíusson 3.

Staðan er 2-1 fyrir Val.

Pepsi-deild kvenna**Valur - Stjarnan 1-3**

0-1 Sigrún Ella Einarsdóttir (4.), 1-1 Elín Metta Jensen (47.), 1-2 Katrín Ásbjörnsdóttir (60.), 1-3 Agla María Albersdóttir (62).

Grindavík - ÍBV 0-4

0-1 Katie Kraeutner (2.), 0-2 Kristín Erna Sigurlásdóttir (41.), 0-3 Kristín Erna (56.), 0-4 Cloé Lacasse (64.).

Efri	Neðri		
Pór/KA	12	Grindavík	6
Stjarnan	10	Valur	3
FH	9	Fylkir	3
Breiðablik	9	KR	0
ÍBV	7	Haukar	0

Í dag

18.35 S'oton - Man. United Sport

18.40 S.Wed. - Huddersf. Sport 3

18.50 Celta - Real Madrid Sport 4

19.05 Fylkir - Breiðablik Sport 2

20.45 Pepsi-mörk kvenna Sport

20.00 Fram - Stjarnan Framhús

Valsmenn í lykilstöðu

Skothöndin munduð Valsmenn eru aðeins einum sigri frá því að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla eftir fimm marka sigur á FH-ingum, 24-29, í þriðja leik liðanna í gærkvöldi. Allir þrír leikirnir í úrslitaeinvíginu hafa unnist á útvelli. Anton Rúnarsson, sem sést hér láta vaða á markið, skoraði sex mörk fyrir Val í gær. Valsmenn fá tækifæri til að tryggja sér titilinn á heimavelli annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fámennt en góðmennt á úrslitastundu í sumar

GSÍ hefur sett saman úrvalshóp fjögurra golfmóta og þar munu úrslit Eimskipsmótaraðarinnar ráðast á þessu golfsumri sem hefst um helgina. „Við erum búin að einangra þá bestu,“ segir framkvæmdastjórinn Brynjar Eldon Geirsson.

GOLF Það var gott hljóðið í forsvarsmönnum Golfsambands Íslands á kynningarfundum fyrir Golfsumarið sem fór fram á Korpúlfsstöðum í gær. Ísland hefur líklega aldrei átt betri hóp af afrekskyllingum en auk þess hafa vorið og veturinn líka farið einstaklega vel með golfvöllum.

„Þetta byrjar um næstu helgi á Suðurnesjunum með fyrsta mótinu á Eimskipsmótaraðinni. Við hlökkum gríðarlega til en vellirnir koma vel undan vetri,“ segir Brynjar Eldon Geirsson, framkvæmdastjóri GSÍ.

Fyrsta mótið í raun mót númer 3 Golfímabilið 2016-17 hófst í raun með tveimur mótum síðasta haust. Fyrsta mót sumarsins er því í raun þriðja mót tímabilsins en með þessu mynda menn mót hinna fjögurra fræknu hvert sumar þar sem aðeins góð spilamennska skilar kylfingum þátttökurétti. Átta mót telja til stigameistaratis hjá körlum og konum en mótin hafa mismunandi vægi. Síðustu mótin á tímabilinu gefa fleiri stig en þau í upphafi.

„Þetta kemur mjög vel út. Fólkið er enn að læra á þetta en þetta er komið til að vera og er mjög skemmtilegt fyrirkomulag,“ segir Brynjar en hvað er það besta við nýja formið?

Með þá bestu á lokamótunum

„Þú þarft að vinna þér inn rétt til að komast inn í þessi síðustu fjögur mót á árinu og þau mót eru fámennt en góðmenn. Þar erum

við með okkar allra bestu kylfinga sem hafa lagt eitthvað á sig til að komast þangað. Við erum búin að einangra þá bestu og köllum þetta orðið mótarað þeirra bestu,“ segir Brynjar.

Fjögur síðustu mótin, Íslandsmót í högggleik og holukeppni, og lokamótin tvö hafa nú fengið heitið hin fjögur fræknu upp á íslensku.

Tvö fyrstu mót þessa tímabils fóru fram í Vestmannaeyjum og á Akranesi síðasta haust en þetta golfsumar byrjar á Hólmsvellinum á föstudaginn og veðurspáin er góð. Íslandsmótið í holukeppni fer fram í Vestmannaeyjum 23. til 25. júní og Íslandsmótið í högggleik verður á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði 20. til 23. júlí.

Golfið með frábærar fyrirmyndir Það er meðbyr með íslensku golfi þessa dagana og Brynjar er mjög ánægður með þróun mála.

„Það gengur ótrúlega vel hjá okkur í golfinu. Það gengur vel með völlum, það er að fjölga í hreyfingunni og við erum að sjá okkar besta afreksfólk blómstra og þá sérstaklega stelpurnar. Svo eru strákarnir að reyna að hlaupa á eftir þeim. Við erum komin með frábærar fyrirmyndir í þeim sem hafa náð að brjóta sig í gegn og eru kyndilberar fyrir okkur. Við eignum mikið af ungum stelpum og strákum í klúbbunum sem eru ótrúleg efni,“ segir Brynjar. Ísland á nú konur á bæði PGA-mótaraðinni (Ólafía Þórunn Kristins-

Við erum að sjá okkar besta afreksfólk blómstra og þá sérstaklega stelpurnar. Svo eru strákarnir að reyna að hlaupa á eftir þeim.



Brynjar Eldon Geirsson

dóttir) og Evrópumótaraðinni (Valdís Þóra Jónsdóttir) og báðar hafa verið duglegar að skrifa íslenska golfsögu að undanfögnu. Það kom fram á fundinum í gær að þær eiga nú möguleika á því að komast inn á Ólympíuleikana í Tókýó haldi þær áfram að standa sig svona vel.

Strákarnir verða að taka sig á

„Strákarnir verða að fara að taka sig á. Stelpurnar eru búnar að vera frábærar, bæði Valdís og Ólafía Þórunn. Við eignum fleiri stelpur og það er því von á fleirum í fremstu röð. Ég er alveg viss um að við sjáum það á næstu árum. Það er virkilega ánægjulegt hvað stelpurnar eru orðnar góðar og það hjálpar okkur líka að kveikja áhugann hjá konum almennt á íþróttinni,“ segir Brynjar. ooj@frettabladid.is



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á bros.is

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
— með þínu merki



nordanfiskur

Góður kostur - á þvers manns disk!

Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mótuneyti og fyrir þig!


MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. maí 2017

19. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Vanmátum gamla varðhundinn

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, stjórnarformaður VÍS, segir félagið þurfa á breytingum að halda enda hafi VÍS verið eftirbátur sinna keppnauta á markaði. Hún gagnrýnir þá hluthafa sem hafi staðið gegn breytingum á stjórninni til að gæta „valdahagsmuna á kostnað arðsemissjónarmiða“. Hún segir að ekki standi til að selja hlut sinn í Kviku. »4



»2
Fékk lögbann á is Emmessis
Kjörís hefur stefnt Emmessis og vill staðfestingu héraðsdóms á lögbanni sem Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði á framleiðsluvöru samkeppnisaðilans í lok nóvember.

»2
Missa iPhone yfir til Eplis
Eigandi Eplis hefur samið við Apple um umboð fyrir iPhone farsíma bandaríska raftækjaframleiðandans sem fjarskiptafélögin þrjú voru áður með.

»6
„Kerfið“ sigraði
„Popúlistum gengur ekki vel þegar efnahagslífið er í vexti. Og í Evrópu er aftur komið hagvaxtarskeið.“




OAKLEY
hjóla- og hlaupagleraugu

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK


KEFLAVÍKUR
UNIVERSITY

Birgir Gilbertsson
járnkarl

GLOBAL FORUM

MARRAKECH, MOROCCO

Alternative Meets Classics in Credit Risk Management and FinTech

Alþjóðleg ráðstefna Creditinfo Group í Marrakech 20.-21. september 2017

Á ráðstefnunni fjalla frumkvöðlar, leiðtogar og sérfræðingar um áhættustýringu og nýjustu stefnur og strauma í fjármálatækni.

Þetta er kjörið tækifæri til að kynnast nýjungum, sækja sér innblástur og efla tengslin við fólkið og fyrirtækin sem standa fremst á þessu sviði í heiminum.

Skráning og allar upplýsingar á creditinfo.is eða í síma 550 9600.

Meðal fyrirlestra:

EY
Mark Gregory, Chief Economist UK & Ireland
The Future Lending

ShoCard, Inc.
Armin Ebrahimi, CEO and Founder
Identification Revolution and Blockchain

GenKey
Michiel van der Veen, CEO
Biometrics & Digital Identity in Credit Bureau and Finance Context

Coremetrix
Clare McCaffery, Managing Director
Alternative Data & Psychometrics in Credit Risk Management

CCP
Sophie Froment, Senior Vice President of People
How to engage and retain skilled IT staff?

ÖLFUSIN

MIDVIKUDAGUR 17. MAÍ 2017

Viðburðir



Elísa Elíasdóttir heillaðist af iðilfögnum fiðluleik í gegnum klassíska útvarpsstöð sem heyrðist oft á heimili hennar í barnæsku og hóf fiðlunám fimm ára gömul.
MYND/EYÞÓR

Maður á alltaf að fylgja hjarta sínu

Elísa Elíasdóttir er fáheyrður dugnaðarforkur. Hún er úr Ölfusinu og ein afar fárra á heimsvísu sem útskrifast með háskólagráður á tvö aðalhljóðfæri; fiðlu og píanó. Elísa verður með fiðluna undir vanga í kvöld þegar hún spilar perlur fiðlubókmenntanna. ➔2

GLAMOUR



GLAMOUR fylgir með Stóra- og Risapakkanum



Kynntu þér málið á 365.is

365

Amazing Home Show

Kynningar:
Vista Expo
Rúmfatalagerinn
Medland

MÍÐVIKUDAGUR 17. MAÍ 2017



Um hundrad fyrirtæki kynna vörur og þjónustu fyrir heimilið í Laugardalshöll um helgina. MYND/VISTA EXPO

Upplifun fyrir alla fjölskylduna

amazing
HOME SHOW

Amazing Home Show fer fram í Laugardalshöll um helgina. Hátt í hundr- að fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu fyrir heimilið og garðinn. Stút- full skemmtidagskrá sem höfðar til allrar fjölskyldunnar. ➔2



„Það er gifurlega mikið í sýninguna lagt og hún verður upplifun alla leið.“ Ívar Ragnarsson og Ómar Már Jónsson hjá Vixta Expo standa á bak við heimilissýninguna Amazing Home Show sem fram fer í Laugardalshöll um helgina. MYND/ANTON BRINK

Framhald af forsiðu →

Komdu og upplifðu er okkar slagorð,“ segir Ívar Ragnarsson hjá Vixta Expo en hann og Ómar Már Jónsson standa á bak við heimilissýninguna Amazing Home Show sem fram fer í Laugardalshöll um helgina. Ívar segir sýninguna einstaka hér á landi. Hægt verði að kynna sér fjölmargt sem viðkemur heimilinu og garðinum og meira til.

„Amazing Home Show er gríðarlega stórt verkefni og hefur undirbúningur staðið í rúmt ár. Við reiknum með að 25 til 30.000 manns heimsæki sýninguna í Laugardalshöll en hátt í hundrað aðilar sýna og kynna vörur sínar og þjónustu. Okkar takmark er að stimpla sýninguna rækilega inn og gera hana að reglulegum viðburði. Það er langt síðan haldin hefur verið heimilissýning í ætt við þessa á Íslandi og við finnum fyrir miklum áhuga, bæði hjá sýningaraðilum og almenningi. Það eru allir sammála um að þetta er löngu tímabært,“ segir Ómar.

Amazing Home Show er skipt upp

í fjögur þemu: Framkvæmdir og viðhald, Nútímaheimilið, Fjölskyldan og loks Garðurinn og umhverfið. Sýningin verður sett föstudaginn 19. maí og er sá dagur tileinkaður fyrirtækjum og fagaðilum. Laugardag og sunnudag er sýningin opin almenningi og er þá lögð áhersla á litríka dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

„Það verður mjög mikið um að vera gegnum alla sýninguna,“ segir Ívar og býst við miklu stuði.

„Á sviðinu verður mikil dagskrá með viðburðum frá þekktum skemmtikröftum, þar má nefna Íþróttarálfinn, Einar Mikael töframaður heimsfrumsýnir nýtt atriði, Björgvin Franz kemur fram og einnig Sirkus Íslands, Visinda-Villi skemmtir krökkunum og Bollywood-dívur Kramhússins troða upp. Þá bjóðum við upp á heilmargt fyrir yngstu kynslóðina, Krakkahorn Krumma verður inni á sýningunni, hoppukastali verður á útsvæðinu þar sem garðþemað er sett upp og Ísbillinn mætir. Á sýningunni verður einnig veitingasala svo fólk getur staldrað við, fengið sér kaffi og með því eða snæðing.“



„Okkar takmark er að stimpla sýninguna rækilega inn og gera hana að reglulegum viðburði.“

Fagstjórar Amazing Home Show eru Gunnlaugur Helgason, betur þekktur sem Gulli byggir og Sesselja Thorberg eða Fröken Fix. Sesselja hefur meðal annars yfirumsjón með Draumaherbergi tónlistarfólksins Frikka Dórs og Þórunnar Antoníu en þau innréttuðu eigin rými sem afhjúpuð verða á sýningunni.

„Fröken Fix var þeim Frikka Dór og Þórunni innan handar en þau fengu í hendurnar rými til að útfæra

eftir eigin höfði í samstarfi við ákveðin fyrirtæki. Það verður afar spennandi að sjá útkomuna,“ segir Ómar. Metnaðurinn sé mikill meðal allra þátttakenda.

„Það er gifurlega mikið í sýninguna lagt og hún verður upplifun alla leið. Allir sýnendur leggja mikinn metnað í básana sína sem verða af öllum stærðum og gerðum. Ég veit til þess að einn básinn var hannaður frá A til Ö á Ítalíu og

sendur hingað til lands. Við vinnum sýninguna í samstarfi við Samtök iðnadarins og Þessir aðilar setja sinn svip á sýninguna. Þá má nefna að Amazing Home Show er sölusýning. Það hefur sýnt sig á þeim sýningum sem við höfum haldið að þar fer mikil verslun fram. Gestir eru í slíkum hugleiðingum og sýnendur taka fullan þátt í því og bjóða upp á spennandi tilboð og sýna áhuga-verðar vörur. Þarna verða einnig mörg minni fyrirtæki sem ekki allir hafa séð áður en eru afar spennandi. Þetta er kjörinn vettvangur fyrir fyrirtæki til þess að koma sér á framfæri og ná til almennings. Við viljum sjá sem flesta og hvetjum fólk til þess að mæta. Þetta verður hörkuskemmtun fyrir alla fjölskylduna,“ segir Ívar.

Nánar má kynna sér dagskrá og sýningaraðila á www.amazingHomeShow.is og á Facebook. Aðgangseyrir er 1.200 krónur. Frítt fyrir 16 ára og yngri og fyrir eldri borgara.



Ljúffengt Lavazza á Amazing Home Show

Við bjóðum upp á viðfrægt ítalskt gæðakaffi í Lavazza-básnum í Höllinni um helgina.

Komið í bás F4 og njótið með okkur!

Danól – Tunguhálsi 19
s. 595 8100 – www.danol.is

danól

KOMDU OG KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR

VIÐ ERUM Á
SVÆÐUNUM C2 OG C3



Allt það nýjasta á einum stað

Amazing Home Show gefur fyrirtækjum tækifæri til að koma vörum sínum á framfæri. Að sögn Jóhönnu Klöru Stefánsdóttur hjá Samtökum iðnaðarins gefur hún líka neytendum yfirgripsmikla yfirsýn yfir allt það nýjasta.

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Samtök iðnaðarins eru samstarfsaðilar Amazing Home Show ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Að sögn Jóhönnu Klöru Stefánsdóttur, viðskiptastjóra á framleiðsluviði hjá Samtökum iðnaðarins, er það hlutverk samtakanna að efla íslenskan iðnað og samkeppnishæfni hans. „Við reynum að gera það með eins fjölbreyttum leiðum og hægt er. Það er því hluti af starfsemi okkar að koma að hinum ýmsu sýningum á einn eða annan hátt og undanfarið höfum við verið þátttakendur í þeim fjölmörgum. Má þar nefna Verk og vit, UT messuna og MaturINN á Akureyri. Fyrir skömmu vorum við einnig með tvær stórar sýningar á HönnunarMars.“

Jóhanna segist þekkja það í sínu starfi hversu öflug fyrirtæki finnast hér á landi. „Í heimsóknum mínum til þeirra tekst þeim oftar en ekki að koma mér verulega á óvart. Við

Þetta er fyrst og fremst skemmtileg leið fyrir fyrirtæki að koma sínum vörum á framfæri.

viljum gjarnan vera með mismunandi farvegi til að gera atvinnulífið sýnilegt og aðgengilegt almenningi. Sýningar sem þessar eru ákveðin leið til að kynna starfsemi fyrirtækjanna og öll þau fjölbreyttu störf sem þar eru unnin.

Jóhanna segir fjölmörg fyrirtæki koma að Amazing Home Show og er spennt að sjá hvað þau ætla að kynna. „Eins verðum við hjá Samtökum iðnaðarins og fjögur fagfélög innan okkar ræða með á sýningunni. Það eru Meistarafélag bólrara, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagið. Gestir geta komið við hjá okkur og spjallað við þetta flotta fagfólk og kynnt sér starfsemina. Eins ætla gullsmiðir að aðstoða gesti

við hreinsun á skarti og snyrtistofur ætla að vera með kynningar á nýjum meðferðum sem eru að koma á markað.“ Jóhanna segir virkilega skemmtilegt að kynna þessum iðngreinum enda sé mikil vörubrúun í gangi og fagmennska í fyrirrúmi.

En hvaða þýðingu hefur sýning sem þessi fyrir markaðinn?

„Þetta er fyrst og fremst skemmtileg leið fyrir fyrirtæki að koma sínum vörum á framfæri. Það er líka ákveðin uppsöfnuð þörf fyrir sýningar á borð við þessa þar sem fyrirtæki hafa haft aukin tækifæri og fjármagn til að þróa vörulínur sínar og rekstur undanfarin ár. Auk þess eru ný fyrirtæki að koma inn á markaðinn sem vilja taka þátt og vera sýnileg. Fyrir vanafasta neytendur eins og mig þá verður mjög áhugavert að kynna sér það sem er í boði. Það er ávinningur fyrir alla því fyrirtækin fá einstakt tækifæri til að ná til landsmanna og við sem leggjum leið okkar í Laugardalshöllina um helgina fáum á einum stað yfirgripsmikla sýn á það nýjasta á markaðnum.“



„Fyrir vanafasta neytendur eins og mig verður mjög áhugavert að kynna sér það sem í boði er,“ segir Jóhanna. MYND/ANTONBRINK

Á SPÁNI

ER GOTT AÐ VERA

Af hverju Spánn?

Miðjarðarhafssvæðið á sér langa sögu og í gegnum aldirnar hafa íbúar svæðisins fullkomnað listina að lifa. Hvort sem það er í mat eða drykk, útveru eða afslöppun kunna íbúar Costa Blanca að njóta lífsins. Þeir eru vingjarnlegir og taka vel á móti gestum. Verðlagið er hagstætt og þar hægt er að lifa góðu lífi, þótt tekjurnar séu takmarkaðar.

Menningin og loftslagið gera þetta svæði einstakt.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) telur loftslagið vera eitt það besta í heimi og möguleikarnir til útveru eru fjölmargir; hjólréiðar, tennis, golf, vínsmökkun, líkamsrækt...

Eða bara njóta lífsins á ströndinni.

Af hverju að kaupa?

Langar þig að fjárfesta? Nú er góður tími til að kaupa fasteign á Spáni, verðið gott, gjaldeyrishöftin farin og gengi íslensku krónurnar hagstætt. Spánareignir bjóða upp á mikið úrval góðra eigna á Costa Blanca svæðinu, hannaðar og byggðar af traustum aðilum. Við seljum bæði nýjar eignir og endursölueignir. Ýmsar fjármögnunarleiðir eru í boði. Hægt er að velja um íbúðir, raðhús eða einbýlishús í góðum hverfum stutt frá alþjóðlegum flugvöllum og þar sem stutt er á strönd, í golf, verslanir, veitingastaði og alla helstu þjónustu.

SPÁNAREIGNIR

Fyrir fjárfesta

Við bjóðum upp á ýmsar hagstæðar lausnir vegna kaupa og reksturs á orlofs- húsnaði fyrir fyrirtæki, starfsmannafélög og félagasamtök. Einnig erum við með spennandi fasteignapróunarverkefni og fjárfestingaverkefni á Spáni fyrir stærri fjárfesta.

Einkaviðtöl

Við bjóðum upp á einkaviðtöl við viðskiptavini til að fara yfir möguleikana, skipuleggjum skoðunarferðir og aðstoðum við allt kaupferlið frá upphafi til enda. Þú ert í öruggum höndum hjá íslenskum löggiltum fasteignasöllum með áralanga reynslu af sölu fasteigna á Spáni.

Viltu vita meira?

Skoðuðu úrvalið á heimasíðunni okkar: WWW.SPANAREIGNIR.IS

Allar upplýsingar veitir Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali. info@spanareignir.is eða GSM 893 2495.



KOMDU OG KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR

VIÐ ERUM Á SVÆÐUNUM C2 OG C3



Borðtennisæfingafélaginn Buddy 300V

amazing
HOME SHOW



Pingpong.is
verður með
kynningu á honum
í básnum sínum.

Gestir geta fengið
að spreyta sig gegn
honum.

PINGPONG.is

Síðumúli 35 (gengið inn að aftanverðu) • 108 Reykjavík
S: 568-3920 • Pingpong@pingpong.is • Opið 12:30-18:00

Draumaherbergi æskunnar

Friðrik Dór Jónsson fékk það skemmtilega verkefni að innrétta draumherbergið sitt á Amazing Home Show sem verður frumsýnt nú um helgina.

Um helgina gefst fólki kostur á að sjá draumherbergi söngvaranna Frikka Dórs og Þórunnar Antoníu. Við náðum sambandi við Frikka Dór og forvitnudumst um draumherbergið hans.

„Ég hef áhuga á innanhússpælingum þannig að mér fannst gaman að fá að spreyta mig á þessu verkefni. Eftir stuttar þælingar ákvað ég að best væri að búa til draumherbergi æsku minnar því þegar ég var litill hafði ég margar hugmyndir um hvernig ég vildi hafa herbergið

mitt,“ segir Frikki Dór, sem eins og Þórunn Antonía fékk 12 fermetra bás til að innrétta.

Spurður hvort herbergið sé fullt af leikjatölvum, eins og marga krakka dreymir um, segist Frikki Dór ekki hafa verið mikill tölvustrákur. „Þemað er meira í átt við Tarsan-leikinn Bannað að snerta jörð,“ svarar hann hlæjandi en meira má hann ekki gefa upp svo sjón er sögu ríkari.

Þegar Frikki Dór er inntur eftir því hvernig still sé ríkjandi á hans eigin heimili í dag segir hann að hvað liti snerti sé það frekar svart og hvítt í grunninn og minni hlutir notaðir til að poppa upp litina. „Ég er hrifinn af því að blanda saman gömlu og nýju og fremur stíl-hreinum hlutum. Hlutir með sögu gera heimilið líka að persónulegum stað og það er mikilvægt að hafa hluti sem maður tengir við.“

Áttu einhvern hlut sem hefur fylgt þér lengi?

„Ég er með einn stól heima hjá mér sem hefur lengi fylgt fjölskyldunni. Ég sá hann fyrst í bílskúrnum hjá ömmu minni fyrir mörgum árum síðan, þegar ég var um fimm-tán ára aldurinn. Ég sagði ömmu að ég myndi gjarnan vilja eignast þennan stól einhvern tímann. Þegar ég flutti í mína aðra íbúð kom amma færandi hendi og færði mér



Þemað í draumherbergi Frikka Dórs er í átt við Tarsan-leikinn Bannað að snerta jörð.

stólinn. Hann er íslensk hönnun og smíðaður á Akureyri og mér þykir alltaf vænt um þennan stól.“

Áttu þér uppáhaldshönnuð? „Nei, ég verð að viðurkenna að ég þæli voða lítið í þessum nöfnum. Ég valsa bara á milli búða og tinni til það sem mér finnst vera fallest.“

intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta

Byggðu umhverfisvænt hús -úr krosslímdu tré

Stór eða lítil
- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús
úr krosslímdu tré

Þjóðum einnig
glugga, hurðir og
utanhússklæðningar
sem hæfa
þínu húsi

Af hverju krosslímdu tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi



amazing
HOME SHOW
Bás nr. A-1

IDEX

Smíðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

Fegraðu heimilið með vörum frá P. Þorgrímsson & Co Sýningarbás 4A

Við kynnum vörur
frá okkar helstu birgjum

Fibo



WICANDERS®

MEISTER

muratto



Byggingavöruverslun
P. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is





SNJALLVAKT SECURITAS


Nýjar lausnir fyrir snjallheimilið

Lífsgæði og hugarró

Snjallvakt er kerfi sem auðveldar þér lífið og snjallvæðir öryggi fjölskyldu þinnar.

Í dag eru tölvur, snjallsímar og spjaldtölvur hluti af daglegu lífi okkar flestra. **Láttu tæknina vinna með þér.**

Kynntu þér Snjallvakt Securitas á Amazing Home Show í Laugardalshöll, helgina 20.–21 maí.



Á VAKT
SÍÐAN
1979



Snjallvakt Securitas

Lífsgæði og hugarró með aðstoð snjalltækni.



Myndeftirlit

Hefur auga með heimilinu öllum stundum.



Sjálfstýring fyrir heimilið

Settu á sjálfstýringu meðan þú ert að heiman.



Aðgangsstýring

Sjáðu hver hringdi bjöllunni og taktu lásinn af.



Orkusparnaður

Fjarstýrðu lýsingu og hita og sparaðu orkuna.



Hreyfiskynjarar

Þægilegir og þráðlausir með innbyggðum myndavélum.



Ljósastýring


Stílltu stofuna á kósíkvöld með einfaldri skipun.



Vatns-, gas- og brunavarnir

Þétt öryggisnet gas-, vatns- og reykskynjara.

Stjórnstöð Securitas stendur vaktina með þér allan sólarhringinn.



Fagurt, heimilislegt yfirbragð

Rúmfatalagerinn sýnir brot af því besta á Amazing Home Show. Verslunin hefur séð landsmönnum fyrir heillandi húsgögnum og smávöru í 30 ár.

Það sem einkennir stílinn í Rúmfatalagerinum er skandinavísk hönnun. Yfirbragðið er þægilegt, fallett og notalegt og stílfærð húsgögn og smávara af gæðum sem falla inn í og prýða öll heimili,“ segir Ívar Ívarsson, verslunarstjóri í Rúmfatalagerinum, um helstu ástæðu velgengni Jysk-verslanakeðjunnar sem nú rekur yfir 2.300 verslanir um allan heim.

„Hjá okkur fær fólk ávallt gott fyrir peninginn. Við erum alltaf með eitthvað nýtt og ferskt í búðunum og tollum alltaf í tískunni,“ segir Ívar í óðaönn við að gera fint á svæði Rúmfatalagersins á sýningunni Amazing Home Show. „Við verðum á besta stað inni og úti þar sem við sýnum nýjustu úti-sófasettin, garðstóla og borð sem ganga vel á pallinn og gera hann að dásamlegum gríðastað í sumarblíðunni. Sófasettin eru úr plastbæsti, upplitast ekki í sólinni, halda sér endalaust vel og hægt að spúla með vatni til að hreinsa og þá verða þau aftur eins og ný,“ útskýrir Ívar.

Á innisvæði Rúmfatalagersins hafa verið útbúin tvö skemmtileg herbergi með fallettri og heimilislegri stemningu.

„Það má treysta því að vera ánægður með það sem fæst í Rúmfatalagerinum. Gæðin eru einstök og við erum ávallt með góð verð.“

„Þar sýnum við borð, stóla og vinsælustu rúmin, allt frá þeim góðu upp í þau langbestu, en einnig U-sófasett sem nú njóta mikilla vinsælda og eru með tveimur tungum. Um helgina verður líka hjá okkur Soffia frá Skreytum hús og puntar herbergin með fallettri smávöru úr Rúmfatalagerinum,“ segir Ívar og bætir við að þau Soffia muni njóta helgarinnar saman eins og íbúar í rými Rúmfatalagersins og taka á móti gestunum saman.

„Rúmfatalagerinn selur húsgögn í allar vistarverur heimilisins þótt rúm séu enn aðalsmerki verslunarinnar. Rúmin okkar hafa komið einstaklega vel út og fólk



Ívar Ívarsson er verslunarstjóri í Rúmfatalagerinum sem sýnir bæði inni- og útihúsgögn á sýningunni Amazing Home Show. Hann segir gæði, fallega hönnun og gott verð einkenna húsgagnaflórana í Rúmfatalagerinum. MYNDIR/ANTON BRINK



Aðalsmerki Rúmfatalagersins eru rúm sem sameina gæði og gott verð.

getur treyst því sem við erum með. Þannig erum við með 100 daga skilafrest á Gold-rúmunum og hægt að skila rúmi og fá annað ef viðskiptavinur list ekki á það eftir 100 nóttu svefn. Það sýnir gæðin og öryggið sem Rúmfatalagerinn stendur fyrir; það má treysta því að vera ánægður með það sem maður fær í Rúmfatalagerinum. Gæðin eru enda einstök og við erum ávallt með góð verð,“ upplýsir Ívar.

Rúmfatalagerinn fagnar nú 30 ára afmæli sínu á Íslandi og munu viðskiptavinir njóta gleðinnar með afslætti á vörum sem sýndar verða á Amazing Home Show.

„Með sýningunni viljum við sýna okkar góðu vörur og erum virkilega spennt að taka á móti gestum,“ segir Ívar fullur tilhlökkunar.

Vitamix
Pro300

Vitamix Pro300 er stórkostlegur. Auðveldar alla matreiðslu í eldhúsinu. Myllur alla ávexti, grænmeti, klaka og nánast hvað sem er. Nýtt útlit og öflugri mótör. Stiglaus hraðastilling og pulse rofi.

10.000 kr.
Viðbótarafsláttur á sýningunni

Velkomin á bás okkar B-4 á sýningunni Amazing Home Show

Með hverjum blandara keyptum á sýningunni fylgir einnig Vitamix sleif, drykkjarmál og svunta á meðan birgðir endast



Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

Flytja heilan bás frá Ítalíu

Húsgagnahöllinn leggur mikinn metnað í kynningarbás sinn á Amazing Home Show. „Við erum að fara leið sem þekktist erlendis og létum hanna og smíða fyrir okkur heilan bás á Ítalíu sem síðan var fluttur til landsins í fjórutíu feta gámi,“ segir Arnar Gauti Sverrisson hjá Húsgagnahöllinni.

Í básnum verða kynntar vörur frá ítalska merkinu Dialma Brown. „Dialma Brown er stór og breið lína með yfir tvö þúsund vörunúmerum. Þar er að finna allt frá borðstofuhúsgögnum og niður í smáhluti. Mikil er unnið með endurunninn við sem gerir útlit húsgagnanna rústík og vintage,“ lýsir Arnar Gauti.

Dialma Brown hefur mikla reynslu af sýningahaldi enda er merkið oft sýnt á húsgagnasýningum í París og Milanó. „Þar eru þeir yfirleitt með flottustu standa sem maður sér á þessum sýningum. Því fengum við þá hugmynd að hafa þetta í sama standard hér heima eins og úti,“ segir Arnar Gauti.

Básinn var unninn í samstarfi við Dialma Brown sem sérsmíðaði bás fyrir Húsgagnahöllina. „Þeir eru vanir að vera með 800 fm bása en okkar bás verður aðeins 80 fm,“ segir Arnar glettinn og bendir á



Arnar Gauti Sverrisson, listrænn stjórnandi hjá Húsgagnahöllinni, lét hanna heilan bás á Ítalíu og flytja í 40 feta gámi til landsins. MYND/GVA

„Við erum að fara leið sem þekktist erlendis og létum hanna og smíða fyrir okkur heilan bás á Ítalíu sem síðan var fluttur til landsins í fjórutíu feta gámi.“

að básinn sé í raun eins og heilt hús með veggjum, ljósum og húsgögnum. Allt sem þurfti í básinn kom í einum gámi auk þess sem ítalskir smíðir flugu til landsins til að setja básinn upp.

„Þá fáum við líka sölustjóra Dialma Brown til að vera með okkur á sýningunni,“ segir Arnar Gauti sem er mjög spenntur að sjá hvernig básinn kemur út í Laugar-dalshöllinni.

Ein stærsta vöru- og þjónustusýning sem haldin hefur verið á Íslandi fyrir almenning

Frankvæmdir & viðhald

Garðurinn

Núttímaheimilið

Fjölskyldan matur & frístundir

Viðhald & æmdir

Um 100 fyrirtæki kynna allt það NÝJASTA

OPIÐ
LAU 11-18
SUN 11-17

amazing HOME SHOW LAUGARDALSHÖLL HELGINA 20. OG 21. MAÍ

Sjáðu
**DRAUMA
HERBERGI**
Þórunnar Antoníu
og Friðriks Dórs

BARNA
HORN
KRUMMA

ÍS-
BILINN

HOPPU
KASTALI

FRÁBÆR
DAGSKRÁ
fyrir alla
fjölskylduna

KOMDU OG UPPLIFÐU!



DAGSKRÁ
Á SVIÐI

LAUGARDAGUR 20. MAÍ

12:30 - Íþróttaaúfurinn
14:00 - Bíbí og Björgvin,
töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Vísinda-Villi



SUNNUDAGUR 21. MAÍ

12:30 - Sirkustrúðurinn Wally
14:00 - Bíbí og Björgvin,
töfrandi lög ævintýranna
15:00 - Einar Mikael töframaður
16:00 - Bollywood-dívur Kramhússins



Miðasala á www.midi.is og við inngang

Miðaverð kr. 1.200 / Frítt fyrir eldri borgara og 16 ára og yngri (í fylgd fullorðinna)

TILBOÐ
Á öllum speglum!

Gildir aðeins á
Amazing Home Show
dagana 19.-21.maí!

Endilega kíkið á
úrvalið okkar!
Bás: D4



www.esjadekor.is

Mörkin 6 // S:5460044



Heimili í sólinni

Nú er góður tími til að kaupa heimili í sólinni á Spáni. Medland Spánn býður upp á gott úrval fasteigna við strandlengjuna.

Hjá fasteignasölnunni Medland Spáni starfar hópur fasteignasala með áralanga reynslu af fasteignamarkaðinum. Starfsmenn fasteignasölnunnar koma frá ólíkum löndum en markmið þeirra allra er það sama; að aðstoða viðskiptavinum frá ólíkum löndum við að finna fallegt heimili á Spáni segir Steina Jónsdóttir, markaðsstjóri Íslandsmarkaðs hjá Medland, en Steina hefur búið á Spáni í þrettán ár.

Medland býður viðskiptavinum að skoða glæsilegt úrval af nýjum eignum við Costa Blanca og Costa Calida strandlengjuna. „Við erum einungis með nýbyggingar til sölu. Um er að ræða einbýlishús, radhús og íbúðir sem allar standa við sólrika strandlengjuna. Nú er góður tími til að kaupa fasteignir á Spáni enda nokkur stöðugleiki í verðlagi þótt eftirspurnin sé vissulega að aukast og merkja megi dálitla hækkun á verði með hverjum nýjum fasa sem byggður er. Starfsmenn fasteignasölnunnar veita faglega og góða þjónustu við ferlið í heild sinni, ásamt því að bjóða aðstoð við allt mögulegt sem tengist nýju heimili, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.“

Nýjar eignir eru í dag byggðar eftir evrópskum stöðlum og betur einangraðar en áður tíðkaðist hér segir Steina. „Meira er lagt upp úr opnum rýmum, stórum gluggum og góðu útisvæði sem skiptir töluverðu máli fyrir sunnan, enda veðurfarið til að njóta þess.“

Á sýningunni Amazing Home Show, sem verður haldin í Laugardalshöll dagana 19.-21. maí, ætlar Medland að kynna úrvalið betur



Steina Jónsdóttir, markaðsstjóri Íslandsmarkaðs hjá Medland.

fyrir áhugasömum Íslendingum. „Við verðum til spjalls og ráðagerða fyrir gesti og gangandi en að auki mun ég bjóða upp á fræðslu um kaupferlið á Spáni sem er í mörgu ólíkt því sem við á hér á landi. Fyrirlestrarinn verða á dagskrá í fundarsal í höllinni kl. 13 á laugardag og sunnudag. Fólki gefst

tækifæri til að hitta okkur í eigin persónu og fá hjá okkur veglega bæklunga um eignir og svæðin í kring, ásamt öðrum nytsömum upplýsingum.“

Nánari upplýsingar má finna á www.medlandspann.is

Við eigum ekki orð!

Þú verður heyrta
í þessu!

MLX
AUDIO



VIVALDI
UNIVERSAL GROUP



KNX EIB compliance EU STANDARD

Allt fyrir raftækni

Miðbæjarradíó
www.mbr.is

Ármúla 17, 108 Reykjavík, sími 552 8636, mbr.is



Seimei er heildverslun og netverslun með húsgögn og smávöru fyrir heimilið.

amazing
HOME SHOW

Okkur hlakkar til að taka á móti ykkur í bás H2 á Amazing Home Show 19.-21. maí.


sei
mei

Seimei.is

Áhugavert útisvæði

Á útisvæði sýningarinnar Amazing Home Show verður ýmislegt skemmtilegt að sjá. Útisvæðið er austan megin við Laugardalshöllina en þar er gert ráð fyrir smáhúsum, sólskálum, garðskálum og geymslúhúsum. Hjólhúsum, fellihúsum og tjaldvögnum. Útigrillum, skrautumunum fyrir garða og sambærilegum vörum.

Þeir sýnendur sem verða á útisvæðinu eru: Spennandi/Caretta hjólhýsi, Himintjöld, Normx, Rúmfatalagerinn, Betribilakaup.is, Öryggisgirðingar, Reisum / Stefán Einarsson ehf., Jötunn og Sprell leiktæki.





NÝTTU SVALIRNAR Á HVERJUM DEGI ALLT ÁRIÐ UM KRING

- ALLTAF LOGN, ALLTAF HREINAR SVALIR, VER SVALIRNAR FYRIR VEÐRUN
- KERFIÐ ER FULLOPNANLEGT Á ÖRFÁUM SEKÚNDUM
- HJÓL UPPI OG NIÐRI SVO GLERFLEKAR RENNA LÉTT OG ÁN SKRÖLTS
- ER EINSTAKLEGA AUÐVELT Í ÞRIFUM
- KERFIÐ ER HLJÓÐEINANGRANDI
- EYKUR VERÐGILDI ÍBÚÐAR



Heimsækið okkur hjá Gleri og Brautum Intl. og sjáið glæsilegar svalalokanir sem lengja sumarið og færa logn og blíðu.

Við bjóðum 10% afslátt ef pantað er fyrir 15. júní.

Í bás okkar er boðin þáttaka í getraunum með veglegum ferðavinningum.

Gler &
Brautir Intl.

Gler og Brautir Intl. • Skútuvogi 10b • 104 Reykjavík
Sími: 5171417 • Netfang: cover@cover.is
Opnunartími: 10-12 og 13-16



Vitamix.

Galdurinn við ferskt hráefni








Vitamix Pro 750 á sér engann jafningja. Nýtt útlit og nýir valmöguleikar. 5 prógrömm og hraðastillir sjá til þess að blanda verður ávallt fullkomin og fersk!

10.000 kr.
Viðbótarafsláttur á sýningunni

Velkomin á bás okkar B-4 á sýningunni Amazing Home Show Með hverjum blandara keyptum á sýningunni fylgir einnig Vitamix sleif, drykkjarmál og svunta á meðan birgðir endast



Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is


Velkomin í bás Véla og verkfæra

erum á svæðinu Nútímaheimilið



Laugardalshöllinni, 19.-21. maí

Komið og hittið starfsfólk Véla og verkfæra í bás C-9 á Amazing Home Show. Við kynnum meðal annars snjallar læsingar fyrir heimili, hurðarhúna, fjarlægðarmæla, höfuðljós, verkfæravagna, hleðsluborvélar og verðmætaskápa. Frábær tilboð og spurningaleikur með veglegum vinningum.



SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · SÍMI: 550 8500 · FAX 5508510 · WWW.VV.IS

MOLTA er kraftmikill jarðvegsbætir



Molta er náttúruleg afurð mynduð við jarðgerð. Jarðgerð er niðurbrot á lífrænum úrgangi við stýrðar aðstæður. Ýmsir efnaferlar og örverur umbreyta efninu í moldarkenndan jarðvegsbætandi massa með töluvert áburðargildi. Moltu er gott að blanda annarri mold í hlutföllunum 1/3 (1 hluti molta/3 hlutar mold) eða dreifa moltunni yfir beð og grasflatir í þunnu lagi.

Sendum moltuna heim í stórsekkjum.

Þá er öllum velkomið að koma til okkar á Gámavelli í Berghellu 1 í Hafnarfirði og moka moltu í eigin fólksbilakerru án endurgjalds.



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Sjáumst á bás G4 á sýningunni Amazing Home Show í Laugardalshöll dagana 19. - 21. maí.

Berghellu 1 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2500 • soludeild@gamar.is • www.gamar.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



VÍNYLPARKET

– frábær lausn fyrir heimili, sumarhús, skóla ofl.



- Viðhaldsfrítt
- Niðsterkt
- Þolir vatn og þunga trafik
- Margir litir

Vínyparket fæst smellt, niðurlímt eða lauslagt og í mörgum tilfellum er hægt að leggja það yfir önnur gólfefni.

amazing
HOME SHOW

VERIÐ VELKOMIN Á BÁS A9



vinyl gólfefni

 Designflooring

VÍNYL PARKET

Flugumýri 34 • 270 Mosfellsbæ
Sími 896 9604 • vinylparket.is




Einar Mikael tófrar fram alls kyns sjónhverfingar.

Töfrabrögð, sirkustrúður og Vísinda-Villi

Sýningin Amazing Home Show í Laugardalshöll um helgina er ætluð allri fjölskyldunni. Gestir geta kynnt sér allt það nýjasta á markaðnum fyrir heimilið og garðinn. Að auki er ýmislegt í gangi fyrir börnin.

Á sýningunni verður skemmtileg dagskrá fyrir börnin, bæði á laugardag og sunnudag. Sérstakt barnasvæði með leiktækjum verður sett upp en þar geta börnin fengið útrás í leik. Einnig verða upptökur á sviðinu. Á laugardag kl. 12.30 kemur íþróttaálfurinn og sýnir listir sínar. Bibí og Björgvin Frans mæta klukkan tvö með töfrandi lög ævintýranna, Einar Mikael tóframaður galdrar svo fram ýmislegt sem á eftir að koma börnunum á óvart. Einar Mikael verður á sviðinu kl. 15 og sjálfur Vísinda-Villi kl. 16.



Vísinda-Villi er uppátæktarsamur.

Á sunnudag eru einnig sýningar á sviðinu. Sirkustrúðurinn Wally sýnir listir sínar kl. 12.30, Bibí og Björgvin koma aftur á sunnudeginum kl. 14 og sömuleiðis Einar Mikael tóframaður. Í lokin eru það Bollywood-dívur Kramhússins sem dansa af krafti. Það er því ýmislegt í gangi fyrir bæði börn og fullorðna í Höllinni um helgina.

Einar Mikael er einn færasti sjónhverfingamaður Íslands. Hann útbýr sjálfur allar sínar sjónhverfingar. Einar Mikael hefur hitt heimsfræga töfra- og sjónhverfingamenn.

Börnin þekkja Vísinda-Villa og uppátæki hans. Hann hefur verið með vinsælar sýningar í sjónvarpinu og á sviði Borgarleikhússins. Þá hefur hann gefið út vinsælar bækur.

Trúðurinn Wally hefur skemmt Reykvikingum síðustu ár með frábærum sirkusatriðum. Á bak við gervíð er Lee Nelson sem er sirkuslistamaður og sýnir með Sirkus Íslands.

Vettvangur nýsköpunar

Nýsköpunarmiðstöð stendur ásamt Samtökum iðnaðarins og Vista Expo að sýningunni Amazing Home Show. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er vettvangur nýrra hugmynda á völdum sviðum rannsókna, þróunar og vísinda. Á heimasíðu miðstöðvarinnar segir að stefna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sé að vera fyrsti valkostur sprotafyrirtækja sem leita stuðningsþjónustu og aðstoða við fjármögnun hennar og að vera burðarás í fjölpjódlegu samstarfi rannsókna- og þróunarverkefna.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands leitast við að vera í forystuhlutverki í stuðningi og uppbyggingu skapandi atvinnugreina. Á heimasíðu miðstöðvarinnar má kynna sér samstarfs- og þróunarverkefni sem verið er að vinna að, meðal annars í hönnun og framleiðslu, verkefna í ferðabjónustu og verkefna sem miða að aukinni nýtingu á orku. Þar segir einnig að nýsköpun sé undirstaða framþróunar á öllum sviðum mannlegs samfélags og grundvöllur nýrrar þekkingar. www.nmi.is



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



Ferðavagn
fyrir útivistina!



Notalegt svefnpláss fyrir tvo með góðu geymslurými.
Vel útbúin eldunaraðstaða með kæli, gaseldavél, vaski, 60 lítra vatnstanki og sturtu. Hægt að bæta við aukahlutum, eins og þakgrind, olíumiðstöð, aukatjaldi með gistirými fyrir tvo í viðbót o.m.fl.

Sýnum Caretta á Amazing Home Show!
- endilega kíkið við!



ATH! Utanvegaakstur er ólöglegur samkvæmt lögum.

SPENNANDI EHF

MÖRKIN 6

108 REYKJAVÍK

s: 893-7911

skuli@spenn.is

Kynningarverð!

Hræðist ekki þessa umfjöllun

Hefur Fjármálaeftirlitið (FME) séð ástæðu til að skoða þessi eignatengsl sem eru á milli VÍS og Kviku og banka?

„Við fengum fyrirspurn frá FME um fyrirætlanir okkar með þessa eign í Kviku en svör okkar til eftirlitsins voru þau að þetta væri aðeins eign í fjárfestingabók, og að svo yrði áfram, og að við ætludum að einbeita okkur að uppbyggingu tryggingarekstursins. Samstarf milli þessara félaga kemur til greina í framtíðinni en það er einhver tími þangað til slíkt getur orðið að veruleika.“

Sumir stórir einkafjárfestar í hluthafahópi VÍS telja að eignarhald ykkar hjónanna í Kviku sé óheppilegt og hafa komið þeirri skoðun sinni á framfæri við þig að það færi best á því að þið mynduð losa um hlutinn í bankanum til að friður skapist um störf stjórnar VÍS. Kemur til greina að selja hlut ykkar í Kviku?

„Í stjórnnum allra tryggingafélaga eru aðilar sem hafa fjárfest í félögum sem einnig er að finna í fjárfestingabókum tryggingafyrirtækjanna. Það er ekki óeðlilegt og nokkuð sem fylgir því að vera fjárfestir á markaði. Eins og áður sagði kom fjárfesting mín í Kviku banka til áður en fyrri stjórn VÍS, undir forystu Herðísar, ákvað að kaupa í Kviku og er því alls ótengd mér. Ég hef komið að fleiri fjárfestingum sem ég og yfirmaður eignastýringar VÍS virðast deila trú á, meðal annars í Icelandair og Högum. Það sem er mikilvægast í þessum efnum er að hvorki stjórnarmenn, hluthafar eða aðrir séu með afskipti af þessum eignum VÍS, og enn síður að þeir séu að skipta sér af mínum eigin fjárfestingum.“

Sérðu fyrir þér að það komist á starfsfriður um störf stjórnar félagsins við þessar aðstæður?

„Það var ljóst frá upphafi að það yrði ósætti við breytta verkaskiptingu stjórnar. Það sem við vissum ekki var hvaða mynd slíkt ósætti ætti eftir að taka á sig eins og við höfum orðið vitni á síðustu dögum og vikum. Ég hræðist ekki þessa umfjöllun eða rakalausar ásakanir. Ég trúði lengi vel á að maður ætti einungis að láta verkin tala og að það yrði á endanum ofan á. Mér var hins vegar nýlega bent á að það eru ekki verk sem tala, heldur fólk. Ég er mjög bjartsýn á framtíð VÍS og tel við séum komin langt á veg með að ýta úr vegi stærstu hindrunum. Ég hef mikla trú á starfsmönnum og stjórnendum VÍS og veit að þau stýra félaginu í gegnum þessa umfjöllun.“

Kom framboð Herðísar á óvart

Kom þér á óvart þegar Herðis ákvað að segja sig úr stjórninni aðeins tveimur vikum eftir aðalfund?

„Já, en hitt kom mér meira á óvart að hún hefði ákveðið að bjóða sig fram, ef formannssætið skipti svona miklu máli, því öllum mátti vera ljóst að við vildum sjá breytingar á stjórninni sem á endanum myndu skila betri afkomu félagsins. Það á enginn tilkall til formannsembættisins en það reyndi aldrei á samstarf okkar í stjórninni og því komu ávirðingarnar á óvart.“

Afsögn Herðísar heldur áfram að draga dálk á eftir sér og í síðustu viku bárust fréttir af því að Lífeyrissjóður verslunarmanna, stærsti hluthafi VÍS og sá sem hafði stutt Herðisi, hafi í hyggju að fylgja í fótspor Gildis og selja verulegan hluta af eign sinni í félaginu. Hlutabréfaverð VÍS, eins og fyrirjáanlegt var, lækkaði mikið í kjölfarið. Er þetta ekki áhyggjuefni?

„Gengi hlutabréfa sveiflast upp og niður en aðalatriðið er að línan sé upp á við til lengri tíma lítið. Sjálf er ég langtímafjárfestir í félaginu og er sannfærð um að mínu fé sé þar vel varið. Þrátt fyrir lækkunina undanfarna daga er gengið talsvert hærra nú en það var fyrir aðalfundinn í mars. Hitt skal ósagt látið hvort það sé almennt skynsamlegt fyrir fjárfesta að láta fyrirætlanir sínar um að minnka eignarhlut í skráðu félagi spyrjast út því seljandi hlýtur alltaf að vilja hámarka verðið sem hann

Við fengum fyrirspurn frá FME um fyrirætlanir okkar með þessa eign í Kviku.

fær fyrir hlut sinn. Á hinn bóginn skapast kaugtækifæri fyrir aðra, sérstaklega ef einhverjir hluthafar eru að selja bréfin á útsölu. Ég tel að það sé mikil tækifæri fölginn í félaginu og fagna öllum nýjum fjárfestum sem sjá þessi sömu tækifæri og við.“

Ákvörðun lífeyrissjóðanna um að selja virðist vera gagnrýni á þig persónulega, ekki satt?

„Það er erfitt fyrir mig að svara því en ef svo er þá vona ég að það sé vegna þess að fólk þekki mig ekki eða fyrir hvað ég stend. VÍS þarf á breytingum að halda. Hlutverk stjórnarinnar er skýrt – að tryggja góðan rekstur og hag hluthafa sem ég vil að fái sanngjarnan arð af sinni fjárfestingu. Við erum lögð af stað í þá átt og stjórnarmenn eru samstíga í sínum fyrirætlunum eins og sást meðal annars í ráðningu á nýjum forstjóra sem einhugur var um í stjórninni og staðfestir áherslur stjórnarinnar á að hlúa að innviðum tryggingafélagsins. Við höfum miklar væntingar til hans og munum styðja við hann með ráðum og dád.“

Námskeið Í LEAN

HAGNÝT NÁLGUN VIÐ AÐ SETJA UPP FYRSTU TÖFLUNA

Þetta námskeið í sýnilegri stjórnun er hugsað fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér VMS töflur vel eða eru að hefja innleiðingu á töflu. Námskeiðið nýtist einnig þeim sem eru að nota töflu en vilja þróa hana áfram.

Farið er yfir tilgang sýnilegrar stjórnunar og hugmynda- og aðferðafræði kynnt. Áhersla er lögð á hagnýta nálgun og lausnir við töfluinnleiðingu og þátttakendur því hvattir til að mæta með hugmyndir til þess að fá sem mest út úr námskeiðinu.

Námskeiðið dreifist á tvo daga til þess að þátttakendur geti spreytt sig áfram með töflur milli kennsludaga og dregið lærdóm af notkun á eigin töflu.

Fyrri dagur : Fim. 18. maí kl. 9-12

Seinni dagur : Mið. 24. maí kl. 9-11

Verð : 29.900 kr.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er **Lárus G. Lúðvígsson**, sérfræðingur á ráðgjafarsviði KPMG. Námskeiðið verður haldið á skrifstofu KPMG, Borgartúni 27.

Skráning á námskeiðið og nánari upplýsingar er að finna á kpmg.is



KPMG



VÍS, og enn síður að þeir skipti sér af mínum fjárfestingum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þrír forstjórar á einu ári

Tilkynnt var um það á dögunum að Helgi Bjarnason, sem hefur verið framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, hefði verið ráðinn forstjóri VÍS og tæki við starfinu af Jakobi Sigurðssyn, en hafði gegnt því á aðeins átta mánuði, og sagði því lausu þann 19. apríl síðastliðinn.

Svanhildur segir aðspurð að það hafi vissulega komið nokkuð óvænt upp þegar Jakob tilkynnti um ákvörðun sína en hún hafi gefið stjórninni færi á því að vanda til verka þegar leitað var að eftirmanni Jakobs.

„Ráðningin á Helga var afrakstur mikillar yfirlegu þar sem áherslan var lögð á faglega nálgun frá upphafi til enda með utanaðkomandi ráðgjöf frá Capacent. Við erum afar ánægð með niðurstöðuna og ráðningin hefur mælst vel fyrir enda hefur Helgi fjölbreytta reynslu sem nýtist vel í starfi forstjóra tryggingafélags og nýtur augljóslega mikils traust á markaði. Hann verður þriðji forstjóri félagsins á einu ári, en ég trúir því að með honum verði ákveðin vatnaskil og festa komist á stjórnun fyrir-tækisins. Ég vænti þess að það sama eigi við stjórnina sjálfa.“

selt eða hyggjast selja hluti í félaginu hafa ekki sett sig í samband við okkur til að ræða þessi mál eða önnur sem tengjast félaginu. Vonandi verður breyting þar á svo hlutirnir skýrist og við þurfum auðvitað að huga vel að upplýsingamiðlun til okkar hagsmunaaðila. Hins vegar hafa allir rétt á því að kaupa og selja

bréf í félaginu en mér finnst það hljóma eins og tylliástæða að vísa til ávirðinga um óeðlilega stjórnarhætti sem byggja ekki á haldbærum rökum eða gögnum. Í því samhengi er rétt að nefna að fyrirverandi stjórnarformaður sat engan fund í félaginu eftir að stjórn skipti með sér verkum eftir aðalfund í mars.“

Býr sig undir tónleika Rammstein

Svipmynd

Ósk Heiða Sveinsdóttir

Ósk Heiða Sveinsdóttir var ráðin markaðsstjóri Krónunnar og Kjarvals fyrir rúmu ári síðan en hún sinni áður sambærilegu starfi í markaðsdeild Íslandshótela. Hún segir það hafa reynst sér vel að eiga bakgrunn í hótélbransanum og nefnir einnig starf sitt sem markaðsstjóri hugbúnaðar-fyrirtækisins HugarAx. Ósk er með mastersgráðu í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands, og tók hluta námsins við Copenhagen Business School, er gift með tvö börn, og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

Hvað hefur komið þér mest á óvart á undanförunum mánuðum? Úrslit forsetakosninganna í Bandaríkjunum komu töluvert á óvart. Einnig kom það mér ánægjulega á óvart hvað ég lærði mikið á því að fara í markþjálfum. Það er alltaf gott að læra eitthvað nýtt og rýna í hlutina.

Hvaða app notarðu mest? Fyrir utan hið hefðbundna app fyrir tölvupóstinn nota ég langmest Facebook.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Af því að vikan hjá mér er alltaf þéttbókuð og mjög mikið að gera, þá reyni ég að hafa frístundir eins lítið skipulagðar og hægt er. Finnst mjög notalegt að vakna um helgar með ekkert planað og láta daginn bara ráðast með fjölskyldunni. Annars elska ég ferðalög og reyni að ferðast mjög reglulega.

Hvernig heldur þú þér í formi? Það hefur verið tekið í skorpum hjá mér en núna er ég mest í því að hlaupa á



Ósk Heiða Sveinsdóttir er markaðsstjóri Krónunnar og Kjarvals. FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON BRINK

eftir börnunum mínum. Huganum held ég í formi með því að grúska á bókasöfnum og sökkva mér í eitthvað sem ég veit lítið um, það er allveg nauðsynlegt.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Það fer

algjörlega eftir skapi hverju sinni, en það vill svo skemmtilega til að ég er á leiðinni á Rammstein tónleika þannig að það er svoldið verið að hlusta á þá þessa dagana.

Ertu í þínu draumastarfi? Að vinna

við markaðsmál, koma hlutunum í framkvæmd og geta unnið að verkefnum sem geta haft áhrif til góðs skiptir mig miklu máli. Þetta er allt eitthvað sem ég hef færi á í dag. Þegar ég byrjaði hjá Krónunni var sagt við mig: „Við

rédum þig ekki til að segja þér hvað þú átt að gera, þú átt að segja okkur hvað við eigum að gera.“ Það hentar mér vel og er algjör draumur. Starfið verður að styðja við þína ástríðu og eldmóð, þá gerast hlutirnir.



Tölvuleikir skáka tónlistinni



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri VÍB

Tekjur af sölu miða á kvikmyndina Avatar náðu milljarði dollara á einungis 17 dögum um jólahátíðina 2009. Stórmyndin The Avengers náði því marki á 19 dögum. Milljarðinum var náð þremur dögum eftir útgáfu tölvuleiksins Grand Theft Auto V.

Í örum vexti

Vöxtur tölvuleikjainðarins hefur verið mun meiri undanfarin ár en í heimi kvikmynda, ritverka og tónlistar. Skv. spá PWC fram til ársins 2020 heldur þessi þróun áfram, en nú þegar skapa tölvuleikir talsvert meiri tekjur en allur tónlistariðnaðurinn og kvikmyndahús samanlagt. Þetta kann að koma á óvart þar sem lítið er fjallað um leiki í fjölmiðlum en hvaðan koma allir þessir fjármunir?

Ólík þróun tónlistar og leikja

Tekjur tónlistariðnaðarinnar hafa dregist saman ár frá ári samhliða vexti stafrænnar dreifingar og eðlilega hafa tónlistarfólk og útgefendur af því miklar áhyggjur. Óumflýjanlegt er að framtíð tónlistar sé stafræn

en Spotify, YouTube, Apple Music og fleirum gengur illa að skapa ásættanlegar tekjur. Við virðumst ekki vilja greiða jafn mikið og áður fyrir tónlist.

Þetta er ekki vandamál í tölvuleikjaindunum. Niðurhal, áskriftir og öpp hafa aukið tekjur iðnaðarinnar til muna og tekjumöguleikar útgefenda eru fleiri en áður. Fleiri en 20 milljónir áskrifenda greiða fyrir aðgang að PlayStation Plus þjónustu Sony, en auk þess fyrir staka leiki sem hlaðið er niður stafrænt. Tekjur tölvuleikjaþjónustunnar Steam nema um 3,5 milljörðum dollara, tvöfalt meiru en stafrænt streymi tónlistar skilar á heimsvísu. Raunar nær öll útgáfa tónlistar rétt sambærilegum tekjum og fást af tölvuleikjum í snjalltækjum, sem þó er einungis fjórðungur tölvuleikjainðarinnar.

Auglýsendur hafa áttað sig á þessum spennandi markaði og eyða nú um 70% hærri upphæðum í að koma vörumerkjum sínum á framfæri í tölvuleikjum en fyrir fimm árum síðan.

Tökum leikina alvarlega

Það skiptir í raun litlu máli hvort okkur finnst tölvuleikir kjánalegir og hvaða skoðun við höfum á þeim sem eyða í þá miklu fjármagnni eða lífa jafnvel á að keppa á stórmótum. Þetta er mun stærri iðnaður en flestir gera sér grein fyrir og það er löngu tímabært að hann sé tekinn alvarlega.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir sérstaka styrki 2017

Í 7. grein reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð eru tilgreindar heimildir sjóðsins til að veita **sérstaka styrki**:

- Styrkir til verkefna sem stuðla að samdrætti í olíunotkun til húshitunar eða rafmagnsframleiðslu utan veitna.**
- Styrkir til verkefna sem leiði til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis eða mannvirkja í eigu sveitarfélaga.
- Styrkir til verkefna sem leiða til orkusparnaðar.

Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs hefur ákveðið að styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2017 verði til verkefna samkvæmt B) lið ofangreindra heimilda.

Eingöngu er um fjárfestingarstyrki að ræða þ.e. styrki til kaupa á tækjum og búnaði. Styrkur nemur 50% af kaupverði, **þó að hámarki 2,5 m.kr.**

Við mat á umsóknum verður sérstaklega horft til:

- Að fyrir liggja raunhæf áætlun um olíusparnað.
- Áætlaðs olíusparnaðar í hlutfalli við kostnað.
- Að verkefnið sé vel undirbúið og að fyrir liggja ítarleg verk- og kostnaðaráætlun.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2017

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 20. ágúst 2017

Orkustofnun fylgir stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu og skal senda rafrænar umsóknir af vef Orkustofnunar www.os.is

Nánari upplýsingar hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri í síma 569 6083 – Netgang Orkusjóðs er jbj@os.is - Orkusjóður á www.os.is

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Fasteign eða avókadó- brauðsneið

Sú umræða er ekki séríslensk að ómögulegt sé fyrir ungt fólk að eignast húsnæði. Hins vegar hefur slík umræða verið áberandi hér á landi undanfarið, en skemmst er að minnst þess írafars sem varð á dögnum vegna auglýsingar Íslandsbanka þar sem bankinn reyndi að fullvissa ungt fólk um að raunhæft væri að leggja skipulega til hlíðar fyrir afborgun að fyrstu fasteign. Bankinn hlaut slíka gagnrýni fyrir að auglýsingastofunni sem bar ábyrgð á auglýsingunni var snarlega skipt út.

Auðvitað skal ekki gert lítið úr því að það er heljarinnar átak fyrir venjulegt fólk að safna sér fyrir fyrstu fasteign. Þannig á það líka að vera. Varla eru sjálfsögð mannréttindi að fá afhenta lykla að þriggja herbergja íbúð á besta stað í miðborginni á tuttugu og fimm ára afmælisdaginn. Staðreyndin er líka sú að fasteignaverð í Reykjavík er ekki sérlega hátt í alþjóðlegu samhengi, og það jafnvel þótt krónan hafi sennilega aldrei verið sterkari og helstu samanburðarmyntir veikst til samræmis. Fjórutíu milljónir myndu til dæmis varla duga fyrir bærilegri fasteign, á bærilegum stað í neinni af höfuðborgum Norðurlandanna. Hvað þá þegar lítið er enn lengra, eins og t.d. til Bretlands, þar sem gjaldmiðillinn er þó í sögulegri krísu.

Við þetta má svo bæta að aðgengi að lánsfé er auðveldara á Íslandi en víðast hvar annars staðar. Vissulega eru kjörin á lánunum slæm. Það kemur þó ekki í veg fyrir að fólk geti eignast húsnæði og er raunar önnur og flóknari umræða um framtíðar gjaldmiðilsskipan þjóðarinnar. Hinum megin á hnettinum, í Ástralíu, hefur vist verið hávær umræða um sama mál – ungt fólk á húsnæðismarkaði. Ástralski auðkýfingurinn Tim Gurner lét þá hafa eftir sér að ungt fólk ætti einfaldlega að sleppa því að heimsækja hipsterakaffihús og fá sér mörg þúsund króna avókadóbrauðsneiðar ef það vildi eiga raunhæfa möguleika á að eignast fasteign. Auðvitað mun enginn pólitikus taka undir með Gurner, en er þetta ekki hluti vandans?

Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Það að koma undir sig fótunum kostar förnir. Á meðan er ekki hægt að láta allt eftir sér, og það þarf alltaf að gera málamiðlanir. Fyrsta eignin verður sennilega ekki draumaeignin. Kannski þarf húsnæðisumræðan á Íslandi á smá hreinskilni að halda. Hvar er hinn íslenski Tim Gurner?

Fyrirverandi þingmenn skrifa um útivist

Róbert Marshall og Guðmundur Steingrímsson, fyrirverandi þingmenn Bjartrar framtíðar, hafa stofnað útgáfufélagið Vertu úti utan um nýtt tímarit sem hefur fengið nafnið Úti. Samkvæmt skráningu félagsins hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra mun það gefa tímaritið út á íslensku og ensku en einnig framleiða annað fjölmiðlaefni og skipuleggja viðburði



og fræðslu sem tengist útivist.

Félagarnir tveir sitja í stjórn útgáfufélagsins ásamt Brynhildi Ólafsdóttur, fyrirverandi fréttakonu og eiginkonu Róberts, og Alexíu Björg Jóhannesdóttur, fyrirverandi kynningarstjóra Borgarleikhússins og eiginkonu Guðmundar. Útgáfufélagið hét áður Reykjavík Casting ehf. og var stofnað 2006 af Alexíu Björgu. – hg

15.5.2017



Það er það sem ég er ofboðslega ósátt við að ekki lágu fyrir nægilegar upplýsingar, en þrátt fyrir það var hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra Íslands tilbúinn að segja að það væri jákvætt að vogunarsjóðir væru að veðja á Ísland.

Lilja Alfreðsdóttir,
þingmaður Framsóknarflokksins



Skrifstofuhúsnæði til leigu á besta stað í miðbænum.

Skrifstofuhúsnæði til leigu á 1. hæð á Hverfisgötu 4, 101 Reykjavík.

- Komið er inn í rýmið í gegnum sameiginlegt stigahús í miðju húsinu.
- Björt skrifstofa með stórum gluggum og fallegu útsýni.
- VSK húsnæði.
- Stærð 209,8 m².
- Húsnæði er laust strax og þarf að innrétta það.



Óskum eftir tilboðum, áhugasamir hafi samband við svava@ipstudium.is



ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér. Þú þarft ekki að missa af neinu, þú getur notið línulegrar dagskrár allra sjónvarpstöðva, tímaflakks, Frelsis og Stöð 2 Maraðon NOW í snjallsíma, spjaldtölvu, Apple TV og í vafra.



KRÆKTU ÞÉR Í

Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT MAÍ 2017



Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

ÞANN 31. MARS 2017 **LOKAÐI** SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.

 **HÓLMASLÓÐ 2**
REYKJAVÍK

 **KLETTAGÖRÐUM 11**
REYKJAVÍK

 **GRENSÁSVEGI 7**
REYKJAVÍK

 **GYLFAFLÖT 19**
REYKJAVÍK

 **STÖÐ LOKAR**
HESTHÁLS 6-8
REYKJAVÍK

 **DALVEGI 22**
KÓPAVOGUR

 **LITLATÚNI 1**
GARÐABÆ

 **DALSHRAUNI 5**
HAFNARFJÖRÐUR

 **Frumherji**

www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

LAUGARÁS BÍÓ **5%** **midi.is**

ALIEN COVENANT SÝND KL. 8, 10.20

SNATCHED SÝND KL. 5.30, 8

EG MAN PIG SÝND KL. 5.30, 8, 10.30

GUARDIANS OF THE GALAXY VOL. 2 SÝND KL. 10

STUBBUR SÉRI SÝND KL. 5.30

SAMBÍÓIN Sambio.is

Frá Guy Ritchie, leikstjóra Sherlock Holmes myndanna

king arthur LEGEND OF THE SWORD

CHARLIE HUNNAM JUDE LAW

"King Arthur: Legend of the Sword is a must-see film for everyone" CELEBMIX.COM

ALIEN COVENANT SÝND KL. 8, 10.30

ALIEN: COVENANT KL. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40

KING ARTHUR 2D KL. 8 - 10:40

SPARK ÍSL TAL KL. 6

SNATCHED KL. 5:50 - 8 - 10:10

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 5:10 - 8 - 10:50

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D VIP KL. 5

FAST AND FURIOUS 8 KL. 8 - 10:50

GOING IN STYLE KL. 8

BEAUTY AND THE BEAST 2D KL. 5:30

EGILSHÖLL

ALIEN: COVENANT KL. 5:20 - 8 - 10:35

KING ARTHUR 2D KL. 5:20 - 8 - 10:40

SPARK ÍSL TAL KL. 5:30

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 5:20 - 7:40 - 10:30

FAST AND FURIOUS 8 KL. 10:10

GOING IN STYLE KL. 8

KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI

DER ROSENKAVALIER ÓPERA ENDURFLUTT KL. 6

KING ARTHUR 3D KL. 5:20 - 8 - 10:40

SPARK ÍSL TAL KL. 5:50

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 8 - 10:50

KEFLAVÍK

KING ARTHUR 3D KL. 8 - 10:40

SNATCHED KL. 8

EG MAN PIG KL. 10

AKUREYRI

KING ARTHUR 3D KL. 8 - 10:50

SPARK ÍSL TAL KL. 6

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 5:10 - 8 - 10:50

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á SAMBÍÓ-IS

KAUPTU ÞJÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

17. MAÍ Tónlist

Hvað? Múlinn Jazzklúbbur – Lester Young Tribute
Hvenær? 21.00
Hvar? Harpa
 Hljómsveitin Lester Young Tribute Band kemur saman aftur eftir langt hlé. Leikin verða lög af efmisskrá saxófónleikarans Lesters Young sem var einn áhrifamesti djassleikari millistríðsáranna.

Hvað? Vortónleikar Spectrum
Hvenær? 20.00
Hvar? Guðríðarkirkja
 Sönghópurinn Spectrum stingur af til Spánar í haust til þess að taka þátt í alþjóðlegu kóramóti og keppni. Í tilefni þess verða haldnir tónleikar í Guðríðarkirkju með lögum eftir Mugison, Braga Valdemar Skúlason, Tómas R. Einarsson, Billy Joel, Eric Clapton, Freddy Mercury, auk verka eftir nútíma kórtónskáld eins og Ola Gjeilo og Eric Whitacre. Einnig verða fluttir þekktir „standardar“, erlend þjóðlög og íslensk kórverk. Hljóðfæraleikarar eru Vignir Þór Stefánsson, Gunnar Hrafnsson, Ársæll Másson og Þorvaldur Ingvaldsson. Stjórnandi Spectrum er Ingvaldur Ýr. Kaffiveitingar í lok tónleika eru innifaldar í verðinu.

Hvað? S.H.R.E.K.
Hvenær? 21.00
Hvar? Hard Rock Café, Lækjargötu
 Tónleikar sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Hópurinn samanstendur af eðalsöngvurum sem eiga það sameiginlegt að hafa kynnst í The Voice Ísland en þau hafa tekið höndum saman og skellt í eitt stykki tónleika þar sem tekin verða lög af ýmsum toga.

Hvað? Blúskvöld
Hvenær? 21.00
Hvar? Dillon, Laugavegi
 Á hverjum miðvikudegi er haldið blúskvöld á Dillon, svokallað jam session – en þar býðst fólki að spila með húsbandinu Bexband.

Hvað? Alvia Islandia
Hvenær? 21.00
Hvar? Prikíð, Bankastræti
 Alvia Islandia gefur út glænýja tónlist og af því tilefni verður svaka partí á Prikínu. Egill spegill spilar



Blúsinn ræður ríkjum á Dillon öll miðvikudagskvöld.

einnig nokkrar plötur og það verður sömuleiðis ákveðið húllumhæ.

Hvað? Rythmatik & Mourning Coughy á Húrra
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra, Naustunum
 Fjörkálfarnir í Rythmatik sigruðu í Músiktilraunum 2015 og hafa verið duglegir við spilamennsku síðan. Mourning Coughy er nýstofnað blues/rock band með látúnsbarkann Dag Sigurðsson og gítarleikarann Andra Ivarsson í broddi fylkingar. Á bassa er Tómas Leó Halldórsson og á trommur, Bjarki Steinn Aðalsteinsson. Frá þeim má búast við tilþrifamilli ríffkennndri og kraftmikilli rokkmúsík. 1.500 krónur inn.

Hvað? Don Joey
Hvenær? 22.00
Hvar? Gaukurinn, Tryggvagötu
 Don Joey, aðalsöngvari glam-sveitarinnar Diamond Thunder, heldur uppi stuðinu með vel völdum ábreiðum frá 80's og 90's tímabilinu.

Hvað? Án
Hvenær? 21.00
Hvar? Hlemmur Square, Laugavegi
 Raftónlistarmaðurinn Án spilar á Hlemmi Square þennan fagra miðvikudag.

Viðburðir

Hvað? Fjórir rithöfundar lesa í tengslum við Nordic Literatures in Change and Exchange (NolitchX)
Hvenær? 17.00
Hvar? Kaffislippur, Hótel Reykjavík Marina, Mýrargötu
 Í kvöld lesa fjórir höfundar úr verkum sínum á Kaffislipp á Hótel Reykjavík Marina og spjalla við gesti. Þetta eru þau Ewa Marcinek (Pólland/Ísland), Elías Knörr (Galisía/Ísland), Mazen Maarouf (Líbanon/Ísland) og Roxana Crisologo (Perú/Finnland). Öll eiga þau það sameiginlegt að skrifa á öðru máli en því sem er ríkjandi í landinu sem þau búa í, eða á fleiri málum en einu.

Góða skemmtun í bíó

GS IMPORT

Allur borðbúnaður fyrir veitingahús

gsimport.is
 892 6975

Fatboy Original púðinn

fatboy

YFIR 30 LITIR

Verð frá 23.650 kr.

rekkjan

HEILSURÚM

BÍÓ PARADÍS **HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19**

Á Nýjum Stað

The Shack	17:30
Moonlight	17:30
Welcome To Norway	20:00
La La Land	20:00
Hjartasteinn	20:00
Genius	22:30
A Monster calls	22:30

THE SHACK

Margræð og áhrifarík tónlist

TÓNLIST
★★★★★

Eldborg í Hörpu

fimmtudaginn 11. maí

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verk eftir Fanny Mendelssohn, Hafliða Hallgrímsson og Jean Sibelius.

Stjórnandi: John Storgård, ein-söngvari: Helena Juntunen.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið hljómaði fyrst verk eftir Fanny Mendelssohn, Forleikur í C-dúr. Hann var sérlega fallegur. Heillandi heidrikja, yfirvegur og andakt var í tónmálinu, en líka ákafur innleiki. Hljómsveitin spilaði afar vel undir stjórn Johns Storgård, heildarsvipurinn var vandvirknislegur og þéttur, fágæður og hlýr. Aðalatriðið á efniðskránni var næst, nýtt verk eftir Hafliða Hallgrímsson, Fimm söngvar fyrir sópran og hljómsveit. Eins og nafnið ber með sér eru ljóðin fimm og eru eftir William Blake, Samuel Taylor Coleridge og Christinu Rosetti. Í þeim er að finna heimspekilegar, en tilfinningaþrungnar vangaveltur um lífið og hvernig er best að lifa því.

Líkingamálið er margslungið, þarna blæs vindur á aldinn sjóara, sungið er um veru okkar í djúpinu og hversu langt er til stjarnanna, lítill drengur ákallar föður sinn í örvæntingu, lífi mannsins er líkt við brothætta tilveru flugu og horft er inn í gleymsku fortíðarinnar þar sem eilífðin skaut upp kollinum eitt andartak.

Í takt við þennan fjölbreytileika var tónlistin margræð, hljómsveitin fylgdi eftir merkingu hverrar ljóðlínu og undirstrikaði hana á einkar áhrifaríkan máta. Alls konar litir voru í hljómsveitarróddinni, og þar var rafmagnspíanó sérstaklega eftirtektarvert, en það var stundum í orgelstillingu. Maður heyrir orgel sjaldan á sinfóníutónleikum og notkun þess hér var spennandi og skapaði sérkennilega stemningu. Í heild var hljómsveitarróddin fremur ómstrið, en þó ekki óþægilega, hún var fyrst og fremst

annarleg og hæfði þannig heimspekilegu inntaki ljóðanna þrýðilega.

Helena Juntunen söng einsönginn og gerði það af ótrúlegri fimi og glæsi-leik. Röddin var í senn tær og kröftug, auk þess sem öll túlkunin var gríðarlega lifleg og full af snerpu. Það var dásamlegt að hlusta á hana syngja.

Fimm söngvar er án efa eitt besta verk Hafliða. Honum lætur vel að semja tónlist fyrir söngvara og kann þá list betur en flestir að láta hljómsveitin magna upp merkingu ljóðanna. Það gerði hann á eftirminnilegan hátt í

Passiunni sinni sem undirritaður hélt ekki vatni yfir á sínum tíma, og það gerir hann líka hér.

Að lokum var flutt sjötta sinfónía Sibeliusar. Um hana þarf ekki að hafa mörg orð. Hún er átakalaus og ekki líkt því eins safarík og margar aðrar sinfóníur tónskáldsins. Hljómsveitin lék hana þó ágætlega en það dugði ekki til að lyfta henni upp úr meðalmennskunni. Nei, það var Hafliði sem átti kvöldið og er honum hér með óskað til hamingju með magnaða tónsmíð. **Jónas Sen**



Hafliði Hallgrímsson átti einkar fallett verk á tónleikum SÍ í síðustu viku. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

NÍÐURSTAÐA: Framúrskarandi verk eftir Hafliða Hallgrímsson var dulúðugt og himneskt.



FRÉTTABLAÐID/VILHELM

alla daga

Það er því óhætt að segja að bókmenntalífið í Reykjavík sé bæði marglaga og margmála og með þessum viðburði erum að við að vekja athygli á því,“ segir Lára og bætir við að upplestrarnir fari fram á ensku og tungumáli höfundar en áhersla verði á ensku í spjallinu. „Þannig að það má alveg segja að þetta sé svona míní fjöltungumálalífið. Við erum svona að fagna orðlistinni eins og alltaf en að þessu sinni með því að tefla þessum tungumálum saman.

Við tökum þetta svo á næsta plan með því að vera með panel á Borgarbókasafninu á fimmtudaginn. Þar ætla þessir höfundar og fleiri að ræða það hvernig það er að skrifa á öðru tungumáli en talað er í landinu sem þú býrð í. Ræða baráttuna fyrir því að vera sýnilegur og fá rödd við þær aðstæður.“

magnus@frettabladid.is

24. MAÍ

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK



ÚRGANGUR Í DAG

AUÐLIND Á MORGUN

SKRÁSTEFNA UM NÝSKÖPUN OG LÍFRÆNAR AUKAAFURÐIR

Skráningin er hafin á au...

AGSKRÁ ER FRÁ KL. 9:00 – 14:00



ráðherra, umhverfis- og veldamála
Ólafsdóttir

Stjóri:
Margeirsson, forstjóri Matís

RAMYNDIN:

gkerfið, Tækifæri á tímum hagslegra umbreytinga, ur Pormóðsdóttir, Innovation ay

um við ekki nógu mikið t Guðfínsson, athafnamaður

ölmindir Norðurlandanna
óti Mór Kristófersson, Háskóli Íslands

-ÁSKORANIR-

Aukaafurðir dýra - reglugerðir á mannamáli
Guðrún Lind Rúnarsdóttir, Matvælastofnun

Skordýr og rófur
Búi Bjarnar Aðalsteinsson

Játningar skordýrabónða
Gylfi Ólafsson, Víur - Ræktunarfélag um fódurskordýr

-HÁDEGISMATUR Í BOÐI-

Innblástur og vörkunningar frá nýsköpunaraðilum á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, sláturiðnaðar og matvælaframleiðslu!

-LAUSNIR OG NÝSKÖPUN-

Auðlindatorgið - gagnvirk lausn til að skapa verðmæti
Hildur Harðardóttir, Umhverfisstofnun

Bestun á nýtni lífrænna aukaafurða
ReSource International

Úr úrgangi í úrvalsvöru
Ágúst Torfi Hauksson, Norðlenska

Seyra í sókn
Magnús Jóhannsson, Landgræðsla ríkisins

Fiskeldi, Getum við minnkað umhverfisáhrifin?
Ragnheiður Þórarinsdóttir, Samrækt

Er geitin illa nýtt og verðmæt aukaafurð? Framtíð íslensku geitarinnar: Listaháskóli Íslands



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

FROM VISIONARY FILMMAKER **AVA DuVERNAY**

QUEEN SUGAR

EXECUTIVE PRODUCER **OPRAH WINFREY**

Risk. Romance. Reinvention.




Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist. Framleiðandi þáttanna er Oprah Winfrey.

MAGNAÐ MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Heiða
07.50 The Middle
08.15 Ellen
08.55 Mindy Project
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Spurningabomban
11.05 Um land allt
11.45 Léttir sprettir
12.05 Matargleði Evu
12.35 Nágrannar
13.00 Spilakvöld
13.45 The Night Shift
14.30 Major Crimes
15.15 Glee
15.55 Schitt's Creek
16.20 Divorce
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Vikingalottó
19.25 Mom
19.45 The Middle
20.10 Grey's Anatomy
20.55 Bones Tólfta og jafnframt síðasta syran af þessum frá-bæru þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
21.40 Queen Sugar
22.25 Real Time with Bill Maher
23.25 Prison Break
00.10 The Blacklist
00.55 Animal Kingdom
01.45 NCIS: New Orleans
02.30 Quarry Spennandi og dramatisk þáttaröð sem byggð er á bókum Max Allan Collins um bandarískan sjóliða sem snýr aftur heim úr Vietnamstríðinu og upplifir sig utangátta í samfélaginu frekar en sem stríðshetju. Fyrir vikið leiðist hann út í slæman félagsskap og finnur atvinnu í undirheiminum. Ólafur Darri Ólafsson fer með hlutverk í þáttaröðinni.
03.20 Nashville
04.00 Nashville
04.45 Dying of the Light
06.20 The Middle
06.45 Simpson-fjölskyldan

STÖÐ 2 SPORT

08.30 Pepsi-deild karla - KR og ÍA
10.15 Pepsi-deild karla
12.00 Pepsi-mörkin
13.25 Reading -
15.05 NBA - Playoff Games Boston Celtics og Washington Wizards í úrslitakeppni NBA.
16.55 Arsenal - Sunderland
18.35 Southampton - Man. United
20.45 Pepsimörk kvenna
21.45 Manchester City - WBA
23.25 Borgunarbikar karla
01.05 UFC Unleashed

STÖÐ 2 SPORT 2

08.10 Pepsí deild kvk- Valur og Stjarnan
09.50 Middlesbrough - Southampton
11.35 Crystal Palace - Hull
13.20 Premier League Review
14.15 Síðustu 20
14.35 Leipzig - Bayern München
16.15 Formúla E
17.25 Pepsi-deild kv. - Valur og Stjarnan
19.05 Borgunarbikar karla - Fylkir og Breiðablik
21.15 Formúla 1 - Keppni
23.45 Celta - Real Madrid
01.25 Sheffield Wednesday - Huddersfield Town

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

BÍÓSTÖÐIN

11.05 Paper Towns
12.55 Brooklyn
14.45 Grown Ups Gamanmynd frá 2010 með Adam Sandler, Kevin James, Sölmur Hayek og fleirum. Eftir að körfuboltaþjálfari fimm manna vínahóps úr menntaskóla fellur frá, hittist vínahópurinn aftur yfir þjóðhátíðarhelgi, til að endurnýja kynnin.
16.30 Paper Towns
18.20 Brooklyn
20.15 Grown Ups
22.00 Fury Myndin gerist árið 1945, í lok seinni heimsstyrjaldarinnar og bandamenn eru að færa sig lengra og lengra inn í Evrópu. Brad Pitt leikur hinn vígamóða liðþjálfara Wardaddy sem stýrir för skriðdreka í lífshættulegan leiðangur yfir víglínuna. Þar á sveit hans við mikið ofurefli að etja og þurfa þeir að berjast hetjulegri baráttu til að sigra óvininn.
00.15 Date and Switch
01.50 First Response Spennu-mynd frá 2015 sem fjallar um mann sem rænir sjúkrabil og lætur sjúkraflutningamanninn sinna særðum félaganum.
03.25 Fury

RÚV

17.00 Úr gullkistu RÚV: Út og suður
17.25 Úr gullkistu RÚV: Út og suður
17.50 Tákn málsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnþogi og Felix
18.18 Sigldar teiknimyndir
18.25 Gló magnaða
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Fram - Stjarnan
22.00 Tiufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Frakkland í kreppu
23.15 Veröld Ginu
23.45 Kastljós
00.10 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 Chasing Life
09.50 Jane the Virgin
10.35 Síminn + Spotify
13.45 Dr. Phil
14.25 Black-ish
14.50 Jane the Virgin
15.35 Man with a Plan
16.00 Ný sýn - Svala Björgvins
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 King of Queens
19.00 Arrested Development
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Difficult People
20.15 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Quantico
22.35 The Tonight Show
23.15 The Late Late Show
23.55 Californication
00.25 Brotherhood
01.10 The Catch
01.55 Scandal
02.40 Chicago Med
03.25 Quantico
04.10 The Tonight Show
04.50 The Late Late Show
05.30 Síminn + Spotify

GREY'S ANATOMY

Drama, spenna og óvæntar upþakomur! Það er aldrei lognmolla á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum.



BONES

Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.



REAL TIME WITH BILL MAHER

Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni liðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



FURY

Brad Pitt leikur hinn vígamóða liðþjálfara Wardaddy sem stýrir för skriðdreka í lífshættulegan leiðangur yfir víglínuna.



GULLI BYGGIR

Önnur þáttaröð þessara fráþæru þátta í umsjón Gulla Helga sem aðstoðar nú fólk við ýmsar endurbætur á hóbýlum sínum.



BARNAEFNI ALLA DAGA KL. 07:00-20:30

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

HBO



ROBERT DE NIRO

MICHELLE PFEIFFER

THE WIZARD

of LIES

27. MAÍ



MARGFALT SKEMMTILEGRI

1817

365.IS

365

DORMA KYNNIR

SIMBA®

EINA PRÓUÐUSTU HEILSUDÝNU HEIMS

DORMA
Láttu drauminn rætast

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn

– sama hvert svefnmynstur þitt er.

Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

90 x 200 cm	74.990 kr.
120 x 200 cm	89.990 kr.
140 x 200 cm	99.900 kr.
160 x 200 cm	114.990 kr.
180 x 200 cm	129.900 kr.



Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á www.simbasleep.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtgördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



Mikið verður um að vera fyrir börnin á Secret Solstice. MYND/BRYNJAR SN/ER

Stærra svæði og meira fyrir börnin

Secret Solstice fer ört stækkandi frá ári til árs og þetta árið bætast við um 5.000 fermetrar af hátíðarsvæði. Eins verður aukin áhersla lögð á að börn á öllum aldri skemmri sér á hátíðinni.

Hingað til hefur verið frítt inn á Secret Solstice hátíðina fyrir börn upp að tíu ára aldri í fylgd með fullorðnum og í ár verður engin breyting þar á. En þetta árið verður einnig sérstök barnahátíð haldin undir yfirskriftinni Kátt á Solstice. Um afmarkað svæði er að ræða þar sem ýmislegt verður í boði fyrir yngri kynslóðina, svo sem andlitsmálning, krakka-

DAGSKRÁ BARNASVÆDIS-INS HEFST KLUKKAN 14.00 Á FÖSTUDEGINUM EN Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG BYRJAR FJÓRIÐ KLUKKAN 13.00

jóga, listasmíðja og tónlistaratriði sérsníðin að börnum.

„Góð aðstaða verður fyrir unga börn með skiptiádstöðu, kósý-

tjaldi og öðru en formleg dagskrá barnasvæðisins hefst klukkan 14.00 á föstudeginum og stendur til kl. 17.00.“ segir í tilkynningu frá hátíðinni. Á bæði laugardag og sunnudag mun svæðið svo íða af lífi frá klukkan 13.00 til 17.00.

Með þessu framtaki vilja skipuleggjendur Secret Solstice hvetja foreldra til að taka börnin með sér og njóta tónlistarinnar í faðmi fjölskyldunnar.

– gha

Beðin um að gefa pelsinn

Dýraverndunarsamtökin PETA hafa skrifað opið bréf til söngkonunnar Ríhönnu þar sem hún er beðin um að gefa sýrlenskum flóttamönnum pelsana sína. Sömuöldis er hún í bréfinu hvött til að hætta að klæðast loðfeldi.

Söngkonan vakti athygli fyrr í mánuðinum á tókusýningu Christian Dior þar sem hún klæddist hnésíðum pels úr smíðju tiskuhússins.

Fjölmarginir addáendur söngkonunnar munu hafa lýst yfir óánægju sinni yfir þeirri ákvörðun hennar að klæðast pelsinum og í kjölfarið birti PETA bréfið.

Í bréfinu segir Andrew Bernstein, talsmaður PETA samtakanna meðal annars: „Líkt og við óska þeir [addáendurnir] eftir því að þú hættir að ganga í loðfeldi og kjósir frekar klæðnað sem drepur engan. Til viðbótar biðjum við þig einnig að íhuga að gefa okkur pelsana þína.“ Því næst lýsir Bernstein því hvernig loðfeldur er gjarnan framleiddur og þjáningunni sem framleiðslan veldur dýrum.

„Við höfum í gegnum tíðina sent flikur úr loðfeldum til sýrlenskra



Rihanna klæddist þessum pels á tókusýningu Dior í seinustu viku.

flóttamanna og í gistiskýli fyrir heimilislausa.“

Þess má geta að árið 2015 sendu PETA samtökin um 100 flikur úr loðfeldum til sýrlenskra flóttamanna sem dvelja í frónsku borginni Calais. Þá sendu samtökin frá sér yfirlýsingu um að samkvæmt þeirra kokkabókum væri það eina fólkið sem hefði afsökun til að klæðast loðfeldi. – gha

Zac Efron í hlutverki Teds Bundy

Fregnir herma að leikarinn Zac Efron sé að taka u-beygju á ferlinum því hann mun leika Ted Bundy, einn alræmdasta raðmorðingja í sögu Bandaríkjanna, í væntanlegri kvikmynd, Extremely Wicked, Shockingly Evil and Vile. Margir þekkja Efron úr rómantískum gamanmyndum þar sem hann leikur einhvern fjallmyndarlegan hjartaknúðara en nú verður víst breyting þar á.

Í Extremely Wicked, Shockingly Evil and Vile verður farið yfir líf og sögu morðingjans Bundy út frá sjónarhorni kærustu hans til sjö ára, Elizabeth Kloepfer. Ekki er vitað hver fer með hlutverk hennar í myndinni.



WHIRLPOOL DAGAR

ÖLL WHIRLPOOL HEIMILISTÆKI
MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI

TÍMI
NÝSKÖPUNAR
Í ÞVOTTATÆKNI
ER HAFINN

SÍÐUSTU
DAGAR!

Whirlpool

ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR




40%

Whirlpool AKP457IX
Actual Line Multifunction 8
blástursofn með klukku og 65L
ofnrými. Niðurfellanlegt grill sem
auðveldar þrif og tvöfalt gler í
hurð. Orkuflokkur A. Stál.

TILBOÐ

29.995

FULLT VERÐ 44.995



38%

Whirlpool ACM804NE
4 spansuðu hellur með snertitökkum.
Tímastilling og booster á öllum
hellum. Stilling til að láta suðu koma
upp og lækka ásamt barnalæsingu
og glerkanti. 60 cm.

TILBOÐ

39.995

FULLT VERÐ 64.995



16%

Whirlpool WHM2511
251 lítra frystikista með körfu.
Hraðfrysting og ljós í kistunni.
2 hjól og 2 fætur, lás og ECO
stilling. Orkuflokkur A+. 42dB. Hvít.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 59.995



16%

Whirlpool WUO3T321X
14 manna uppþvottavél með 10 þvotta-
kerfum og sótthreinsikerfi. 6th sense með
gufuþvotti sem nemur óhreinindi í vatninu.
LCD skjár sýnir þvottatíma. Þvottahæfni A.
Orkuflokkur A++. Þurrkgeta A. 41 dB. Stál.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 94.995



Lífstíðar
ábyrgð
á mótur

27%

Whirlpool FSCR12440C
1400 snúninga og 12 kg þvottavél með
stafrænu kerfisvali og 6th sense. Hægt að
fylgjast með og stýra kerfum í gegnum app.
Íslenskt stjórnborð. Lífstíðarábyrgð á mótur.
Orkuflokkur A+++.

Íslenskt
skjábord og
leiðarvísir.

TILBOÐ

129.995

FULLT VERÐ 179.995



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT



Stór sneið íslensku rappsenunnar er hér saman komin í hring. MYND/EYGLÓ GÍSLA

Það besta beggja vegna Atlantshafsins

Útvarpsþátturinn Kronik leggur nafn sitt við hátíðina Kronik Live sem verður haldin í júlí. Rapparinn Young Thug mun verða aðal-númerið en nánast öll íslenska rappsenan mun koma við sögu.

Kronik Live tónlistarhátíðin verður haldin í sumar í Laugar-dalshöllinni. Síðan tilkynnt var um viðburðinn í vetur, sem bandaríski rapparinn Young Thug kórónar, hefur verið bætt við einvalaliði íslenskra rappara og plötu-snúða. Þar má nefna Úlfur Úlfur, Gísla Pálma, Sturlu Atlas, Herra Hnetusmjör, Birni, Alexander Jarl, B-Ruff, Egil Spegil og Karitas.

„Þetta er svona mini-festival, það er kannski ekki alveg rétt að kalla

þetta tónlistarhátíð því að þetta er bara í einn dag. En þetta er svo sannarlega rapp-veisla. Þannig að allir þessir listamenn spila sama kvöldið. Húsið verður opnað mjög snemma og það verður margt sem er hægt að gera og

Emmsjé Gauti rappari



borða á svæðinu svo fólk getur verið þarna allt kvöldið án þess að svelta og kafna úr leiðindum,“ segir Gauti Þeyr Másson, eða Emmsjé Gauti, sem er einn af for-svarsmönnum þessarar miklu raphátíðar.

„Það er náttúru-lega sturlað „line-up“ á landinu í sumar; það eru rosalega margir rapp-

arar að koma til landins, en Young Thug er efstur á óskalistanum hjá svo mörgum, þannig að þetta er alveg einstakt. Svo má ekki gleyma Krept and Konan en þeir eru alveg „huge“ í Bretlandi og ég mæli með að fólk sem ekki þekkir til þeirra skoði þá betur.“

Gauti segir að þó að þessi listi sé orðinn ansi langur þá sé stefnt að því að bæta fleiri listamönnum við. Hann vill þó ekki fullyrða neitt um hverjir það verði en ef útilokunaraðferðinni er beitt á íslensku rappsenuna ætti kannski ekki að vera neitt svo erfitt að koma með ágætis ágiskanir.

Krept and Konan

London grime rappararnir Krept og Konan eru ungstirni í grime senunni bresku. Senan sjálf er nú

Young Thug hefur verið kallaður Prince rappsins.

ekkert sérstaklega gömul en það er ekki langt síðan hún fór að dreifast víðar en um Bretland. Nöfn eins og Stormzy og Novelist eru oft nefnd í sömu andrá og Krept og Konan enda er um upprennandi stjörnur að ræða sem ættu að eiga greiða leið á toppinn nú, þegar vinsældir grime stefunnar eru í algleymingi.

Gæti orðið góður tími til að sjá Thugga

Young Thug ættu allir betri rapp-aðdáendur að þekkja en hann hefur vakið mikla athygli á síðustu árum fyrir frumlega nálgun sína að, tja, nánast bara öllu. Hann hefur bæði gefið út ógrynnin öll af lögum á stuttum tíma og síðan skipt yfir í að vera þögull sem gröfin í langan tíma. Fyrir örfáum vikum sagðist hann vera í þann mund að gefa út eitthvað sem hann kallaði „söng-plötu“ en ekkert gerðist. Einnig hefur hann ítrekað talað um að gefa út sína fyrstu breiðskífu, Hy!EUN35 (eða HiTunes, og já, stafað svona) en lítið hefur borið á henni. Sitt sýnist hverjum um Young Thug, en eitt er víst að hann vekur mikil viðbrögð með tilvist sinni einni saman – hann hefur verið kallaður Prince rappsins (skirskotun í sérstaka hegðun popp-göðsins sáluga) og gagnrýndur af helstu menningarvitum Íslands (Egill Helgason er ekki aðdáandi). Young Thug, eða Thugga eins og hann er oft kallaður, gæti verið á ákveðnum krossgötum á ferlinum þegar hann mætir til landsins – mögulega nýbúinn að gefa út þessa „söngplötu“ eða jafnvel farinn að kynna HiTunes fyrir heimsbyggðinni.

stefanthor@frettabladid.is



STUÐ Í ÚTILEGUNNI

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir ýmsar gerðir af ferðatækjum, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



EXIDE
TECHNOLOGIES
TRANSPORTATION

Exide fæst hjá útibúum Olís um land allt. Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is

olis

LEXUS OG EGILS APPELSÍN
kynna með stolti

*Síðast seldist
upp á ferna
tónleika!*

Sissel

ELDBORG HÖRPU 20. DESEMBER KL. 18.00 OG 20.30

MÍÐASALA HEFST
Á MORGUN KL. 10



MÍÐASALA Á HARPA.IS/SISSEL OG Í SÍMA 528 5050.
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENA.IS/SISSEL



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 [Visir](#)

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar
Bolladóttur



Takk

Kæri sjálfboðaliði, ein af frumþörfum mannsins er að mynda tengsl og láta gott af sér leiða. Ég er svo þakklát þér og öllu því fólki í samfélagi okkar sem er í sjálfboðinni þjónustu við það að umvefja menn og málefni á uppbyggilegan hátt.

Ekkert okkar hefur tölur yfir allar gefnu vinnustundirnar í landinu, en ef það væri reiknað til launa værum við öll gapandi.

Þegar við horfum til björgunar-sveitanna, kvenfélaganna, Rauða krossins, Mæðrastyrksnefndar, kirknanna, skátanna, íþróttafélaganna, foreldrafélaganna og félagsamtaka eins og Amnesty, Kiwanis, Rotary, Lions, Oddfellow, Frímúrarar – og er þá bara brot upp talið af því sem þjóðin hefur fram að færa í félagslegu tilliti vegna samtakamáttar almennings – hljótum við öll að lúta höfði í þökk. Nú síðast bættust við Pieta samtökin sem ætla að ávarpa sjálfsvígvandann.

Ég tel það einstakt gæfuefni að það liður ekki sá dagur í mínu starfi að ég verði ekki vitni að framlögum og gjöfum fólks. Þó vitum við öll að megnið af allri þessari gæsku og umhyggju sem veitt er í formi vinnuframlags og gjafa er ósýnilegt. Ég man t.d. þegar ég var ungur prestur í Vestmannaeyjum hvernig kvenfélagið Líkn sá sjúkrahúsinu fyrir mikilvægum tækjum til þess að halda uppi heilbrigðisþjónustu við bæjarbúa og kvenfélag Landakirkju bakaði fyrir milljónir króna til að hlúa að kirkjunni og safnaðarheimilinu. Já, hugsjó ykkur allar terturnar sem íslenskar konur hafa breytt í gjafafé til að lyfta grettistöku. Það segir mikið um sjálfsmýnd þjóðarinnar hvernig einstaklingar stíga óhræddir fram til þess að styrkja fólk sem verður fyrir áföllum. Sjálfboðin þjónusta er limið í samfélaginu.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ENGIHJALLA,
VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA



Iceland

pepsi
MÖRKIN



SPORT

365.is | 365



Shalom!

NÝR ÁFANGASTAÐUR: TEL AVIV

frá 14.999kr.*

Tímabil: sept.–des. 2017 og jan.–mars 2018

Við erum á leið til Tel Aviv í Ísrael. Þessi stórmerka borg býður upp á sólbakaðar strendur, fjölbreytta menningu, iðandi fjöruget næturlíf og auðvitað glás af hummus. Ógrynni magnaðra sögustaða eru allt um kring, sem hægt er að kynna betur og njóta. Bókaðu strax!

WOW
air

*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgiró.

BRÉTARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS